# Hólar í Hjaltadal

## Fornleifaskráning



**Katrín Gunnarsdóttir**
**apríl 2000**
**Byggðasafn Skagfirðinga**

**2**

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA GLAUMBÆ

## Efnisyfirlit

| | bls. |
|---|---|
| Formáli .......................................................................... | 2 |
| Varðveisla fornminja .................................................... | 2 |
| Sögulegt yfirlit .............................................................. | 3 |
| Hólar í Hjaltadal, fornleifar .......................................... | 6 |
| Fornleifaskrá ................................................................. | 60 |
| Fylgiskjal 1 - staðsetning svæðis .................................. | 62 |
| Fylgiskjal 2 - yfirlitskort ………………....................... | 63 |
| Fylgiskjal 3 - Hólar í Hjaltadal, kort frá 1913 .............. | 64 |
| Fylgiskjal 4 - Túnakort frá 1919 .................................... | 65 |
| Fylgiskjal 5 - Kort Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905 . | 66 |
| Fylgiskjal 6 - Mælipunktar utan aðalkorts ..................... | 67 |

Forsíðumyndin er af kirkjunni að Hólum í Hjaltadal,
tekið frá veginum milli Hólaskóla og biskupsbústaðar,
horft til suðurs.
Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir 1999.

## Formáli

Skráning fornleifa að Hólum í Hjaltadal var gerð að mestu sumarið 1999, og síðan í byrjun árs 2000.

Skráðar voru fornleifar sem enn eru sjáanlegar í landinu, svo og þær fornleifar sem eru horfnar, en vitneskja er um hvar hafi verið. Skurðir, vegir og garðar, sem horfnir eru, eru merktir á kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, sjá fylgiskjal 5. Alls voru 16 uppdrættir gerðir af þeim tóftum og stekkjum sem enn eru sjáanleg, og teknar 37 ljósmyndir og fylgja 12 þessari skýrslu, hinar eru varðveittar í Byggðasafni Skagfirðinga, Glaumbæ.

Svæðið sem fornleifaskráningin var gerð á nær frá Viðinesánni að norðan og að landamerkjum Hóla og Hofs að sunnan, niður að Hjaltadalsánni í vestur, og upp í Hólabyrðu að austan.

Við skráninguna var stuðst við: Ritaðar heimildir. Kort af Hólum í Hjaltadal frá 1905, gert af Sigurjóni Benjamínssyni, varðveitt í HSk (Héraðsskjalasafni Skagfirðinga). Kort frá 1913, afrit 1957, Hólar í Hjaltadal í bókinni Hólastaður, eftir Gunnlaug Björnsson, 1957. Túnakort frá 1919. Loftmynd 1:4000 Landmælingar ríkisins frá 1994. Viðtöl við Egil Bjarnason Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Hallgrím Pétursson bónda á Kjarvalsstöðum Hólahreppi, Jón Bjarnason fyrrverandi skólastjóra Hóla og Jón Friðbjörnsson fyrrverandi smíðakennara á Hólum.

Viðtöl og leiðsögn: Hjalti Pálsson Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Trausti Pálsson ráðsmaður á Hólum og Jón Sigurðsson bifreiðastjóri á Sleitustöðum, Hólahreppi. Þeim er öllum þökkuð veitt aðstoð.

Einnig þakkir til Birnu Gunnarsdóttur, Þjóðminjasafni Íslands.

Skráninguna vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, Byggðasafni Skagfirðinga, Glaumbæ.

## Varðveisla fornminja

Tilgangur Þjóðminjalaga nr. 88/1989 er m.a. að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki; þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18.gr.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 17., 19., 20. og 21.grein laganna.

17.gr.
Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

19. gr.
Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.
Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.
Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundu leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

## Sögulegt yfirlit

Hólar í Hjaltadal á sér langa og merkilega sögu, hér er aðeins greint frá litlum hluta hennar. Staðurinn hefur bæði átt góða og slæma daga í aldana rás. Við siðaskiptin hefur þó staðurinn staðið í miklum blóma, og átt miklar eignir og aðgang að margs konar hlunnindum. Vegna mikils jarðrasks sem hefur verið á Hólum í gegnum tíðina, hafa margar fornminjar farið forgörðum, hefur þar túnasléttun verið aðal skaðvaldurinn svo og allskonar byggingaframkvæmdir og vegagerð.

**Hólar byggðasaga.**

Sturlubók og Hauksbók telja landnámsbæinn sjálfsagt réttilega vera Hof, en Melabók nefnir Hóla. Ein skýring á þessum rithætti Melabókar er sú að bærinn hafi verið fluttur mjög snemma frá Hofi að Hólum, þannig að þegar Melbók er rituð 1300 veit höfundur hennar ekki betur en að höfuðbólið hafi verið Hólar allt frá upphafi landnáms í Hjaltadal.

Ýmislegt fleira styður þá kenningu að Hólar hafi snemma orðið höfuðból. Um miðja 11. öld lætur Oxi Hjaltason reisa kirkju þar, en “þat hyggja menn at sú kirkja hafi mest ger verit undir tréþaki á öllu Íslandi” (Biskupasögur II, bls. 98-99)

Í Auðunnarmáldaga frá 1388 er getið um eignir Hólastóls. Og í Sigurðar registri Jónssonar frá 1525-1550 er skrá um eignir Hólastóls. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns frá 1709, eru allar jarðir í Hólahreppi taldar eign biskupsstólsins. Í jarðatali Johnsens frá 1847, er sagt að jarðabækur segi hvorki til um dýrleika né leigumála, en árið 1802 sé jörðin metin til 48 ½ h., og að Drangey heyri til stólnum. Sama er árið 1388.

Eftir að biskupsstólinn var lagður niður 1802, voru allar stóljarðirnar seldar. Var það Stefán amtmaður Þórarinsson sem keypti Hóla og greiddi fyrir 2040 rd.

Hjá Stefáni urðu síðan leiguliðar og ráku búið, þeir Páll Hjálmarsson fyrrum rektor, og Gísli Jónsson konrektor, seldi Stefán þeim síðan jörðina.

Séra Benedikt Vigfússon keypti Hóla í Hjaltadal árið 1824 fyrir 2500 rd. og fylgdi Hof með í kaupunum. Var Benedikt talinn hin mesti búhöldur. (Hólastaður bls.82-86)

Sama er ekki hægt að segja um son hans Jón, sem sóaði auðæfum föður síns, þannig að árið 1880 voru Hólar seldir. Og festi Þorkell Pálsson bóndi í Flatatungu sér kauprétt að jörðinni. Árið 1881, gekk sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að ganga inn í kaup Þorkels, og kaupa Hólastað og stofna þar bændaskóla. .

Heimildir:

Íslenzkt Fornbréfasafn, ellefta bindi, 1310-1550 bls. 848-872)
Auðunnarmáldagi 1388, eignir Hólastóls.
Biskupasögur II, bls. 98-99.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín , frá 1709 níunda bindi, 1930. bls.217-219.
Jarðatal Johnsens frá 1847, bls. 267.
Skagfirzk fræði IV.-V. Heim að Hólum, bls. 17, Brynleifur Tobíasson. 1943.
Hólastaður, bls. 82-86 Gunnlaugur Björnsson, 1957.
Bændaskólinn á Hólum 1882-1982, bls. 40, 1982.

**Stofnun biskupsstóls að Hólum**:

Vegna fjarlægðar frá Skálholti, báðu Norðlendingar Gizzur biskup í Skálholti, um að settur yrði annar biskup í Norðlendingafjórðungi, og veitti Gizzur þeim það, þá yrði líklega aldrei eða sjaldan biskupslaust á landinu ef biskupsstólarnir væru tveir, og trygging fyrir kristni guðs í landinu.

Fyrsti biskup Hóla var Jón Ögmundsson, var hann vígður í Lundi 1105, eftir að hafa fengið blessun páfa í Róm. Hann settist á biskupsstól á Hólum 1106, og er stofnun biskupsstólsins miðað við það ár.

Voru síðan kaþólskir biskupar á Hólum allt fram til ársins1550, er hermenn Danakonungs þröngvöðu norðlendingum til að viðurkenna lúterska trú. Jón Arason var síðastur kaþólski biskupinn sem sat á Hólum. Eftir siðaskiptin fór kirkjustjórnin undir konungsvaldið, og skertust þá tekjur biskupsstólsins mjög.

Norðlendingar kusu Sigurð Jónsson prófast á Grenjaðastað, son Jóns Arasonar, biskup að Hólum eftir föður sinn, en þetta hlaut ekki náð fyrir augum konungs. Ólafur Hjaltason varð síðan fyrsti biskup Hóla í Lúterskum sið. Síðasti biskup Hóla, áður en að biskupsstólinn var lagður niður var Sigurður Stefánsson, og var hann biskup frá 1789-1798.

Heimildir:
Skagfirzk fræði IV.-V. Heim að Hólum, bls. 16-66, 229-230, Brynleifur Tobíasson. 1943.
Hólastaður bls. 20-21,36, 40-41, Gunnlaugur Björnsson 1957.
HSk. 193 folio skjal, Jón á Reynistað-Annálar.

**Hólaskóli.**

Jón Ögmundsson, stofnaði fyrsta skóla norðanlands að Hólum. Og lét hann kenna þar klerkleg fræði, í skóla þessum virðast hafa verið bæði karlar og konur. Lét Jón biskup reisa skólahús að Hólum sem á að hafa staðið vestan kirkjudyra.

Nefnd var skipuð árið 1800, til að gera tillögur um skólamál og dómsmál á Íslandi. Í henni voru Magnús Stephensen og þrír aðrir, meirihluti nefndarinnar lagði til að leggja niður biskupsstólinn og skólann á Hólum.

Það var síðan 2. október 1801 sem biskupsstóll og skóli voru lagðir niður, og skyldi einn biskup vera yfir öllu landinu, og skólapiltar njóta kennslu í Reykjavíkurskóla. Vorið 1802 voru síðustu nemendur Hólaskóla hins forna brautskráðir, voru þeir 5 að tölu.

Heimildir:
Hólastaður bls. 21, 58, Gunnlaugur Björnsson. 1957

**Bændaskóli.**

Árið 1881, samþykkti sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að kaupa Hólastað og stofna þar bændaskóla. (Bændaskólinn bls. 40). Hófst skólastarf 14. maí 1882, og skólastjóri var ráðinn Jósef J. Björnsson. Voru nemendur þá þrír. (Bændaskólinn bls. 42).

Húnvetningar gengu svo til samstarfs við Hólaskóla 1883 og árið 1889 gengu Eyfirðingar og Suður- Þingeyingar inn í það samstarf. Amtsráð tók síðan við skólanum 1899, en árið 1907, tók ríkissjóður við rekstri skólans. (Bændaskólinn bls. 43-44).

Heimildir:
Bændaskólinn á Hólum, 1882-1982, bls. 40, 42, 43-44. 1982

**Eignir Hólastóls**

Talið er að við siðaskipti hafi Hólastóll átt 352 jarðir, og að jarðir stólsins hafi verið um ¼ af öllum jörðum í Norðlendingafjórðungi. Þá átti stóllinn skip, auk margra róðrabáta, ásamt reka, og í rekaskrá staðarins frá 1374, segir að stóllinn hafi átt reka á fjörum Ólafsfjarðar, Héðinsfjarðar, Siglufjarðar, Úlfsdala og við Skagafjörð, við Drangey og Lundey átti staðurinn öll fjörugöng. Um þessar mundir rak stólinn bú á 12 jörðum auk Hóla, en kvikfjáreign staðarins heima og á leigustöðum virðist hafa numið um 2800 kúgildum.

Heimildir:
Hólastaður bls. 36, Gunnlaugur Björnsson 1957.

# Hólar í Hjaltadal, fornleifar

**Í landi Hóla voru skráðar 91 minjar á vettvangi,  nr. 1-91.**



Mynd 1.  Hólar í Hjaltadal.  Kápumynd, af bókinni Hólar í Hjaltadal.

**HÓLAR.**

**1**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Altari, bænastaður/sögustaður |
| **Hlutverk:** | Bænastaður. |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Gvendarskál |
| **Staðhættir:** | Frá Hólaskóla um 1-2 tíma gangur  í austur, upp Hólabyrðu, (áður kölluð Raftahlíð) í norð-vestur horni hennar er sigdæld og gengur frá henni klettaskeið suður eftir miðju fjallinu og nefnist Göngur. |
| **Lýsing:** | Grasi gróin skál. Í skálinni sunnarlega er stór steinn, kallaður Gvendaraltari. |
| **Aðrar upplýsingar**: | Gvendarskál er kennd við Guðmund biskup góða, og er sagt að hann hafi gengið þangað til bænagerða berfættur hvern föstudag. |
| **Hættumat:** | Staðnum stæði helst hætta af skriðuföllum. |
| **Heimild:** | Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, bls. 15.  Skagfirzk fræði IV.-V.  1943  Heim að Hólum Brynleifur Tobíasson bls. 232. Örnefnastofnun, örnefnaskrá, Margeir Jónsson. |

**2**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Altari/bænastaður/horfið |
| **Hlutverk:** | Bænastaður |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Gvendaraltari |
| **Staðhættir:** | Fyrir ofan Hóla,  í Hólabyrðu, er  Gvendarskál. Sunnarlega í skálinni er steinn einn mikill.  Þangað er 1-2 tíma gangur, frá Hólastað. |
| **Lýsing:** | Steininn  sem er þarna er  mannhæðar hár. |
| **Aðrar upplýsingar** | Í Sóknarlýsingu frá 1843 segir að:  …sér þar enn aurmál Gvöndaraltaris, þótt nú sé allmjög niður hrunið… . |
| **Hættumat:** | Gvendaraltari er friðlýst, frá 1926. En gæti stafað hætta af skriðuföllum. |

**Heimild:** Sýslu- og sóknarlýsingar, Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla, Hóla- og Viðvíkursókn bls.130, 1954. Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, bls 15



Mynd 2. Hólar 1803-1814, teikning Hans von Frisak.

**3**
**Tegund minja:** Auðunnarstofa/horfið
**Hlutverk:** Bústaður
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Auðunarstofa
**Lega:** **N:** 65°44007 **V:** 19°06897
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, nr. 20 á korti frá 1913. Frá nyrðri hluta vesturhliðar á kirkjugarðsvegg um 5 metra í vestur.
**Lýsing:** Ekkert sést af Auðunnarstofu vegna sléttunar.
**Aðrar upplýsingar:** Í byrjun 14 aldar lét Auðunn biskup flytja hingað út timburbjálka í stofu er reist var á Hólum. Hólamenn þeir Páll Hjálmarsson og Gísli Jónsson létu síðan rífa Auðunarstofu árið 1810 og hafði hún þá staðið í rúm 500 ár. Seldu þeir timbrið og fór enginn stokkur á minna en 3 dali.
Hólastaður, nr. 20 á korti frá 1913 Auðunarstofa og árölin 1316-1800.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal nr. 20 á korti frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3, og bls. 29.



Mynd 3. Gvendarbrunnur, fyrir miðri mynd, horft í vestur.
Ljósm. K.G. 1999.

**4**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Brunnur |
| **Hlutverk:** | Brunnur |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Gvendarbrunnur |
| **Lega:** | **N:** 65°4403 **V:** 19°0693 |
| **Staðhættir:** | Frá norð-vestur hlið kirkjugarðsveggjar, yfir trébrú á læk í túni er hellulögð stétt, með steinsúlu, á miðri stéttinni er brunnur. |
| **Lýsing:** | Brunnurinn er í miðri hellulagðri stétt, hringlaga og aðeins upphækkaður yfir brunnopinu er hringlaga járngrind, og yfir henni er kvarnarsteinn. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Vatnið í Gvendarbrunni er úr uppsprettulind og er vatnið úr henni svalt og bragðgott, og sagt er að þar hafi Guðmundur biskup ætíð tekið vatn handa sér. Og hefur því verið trúað að þarna sé eitt af vígsluvötnum hans og hafi hann helgað vatnið í brunninum með sérstakri vígslu.<br>Brunnurinn var endurgerður eins og hann er í dag árið 1996. |
| **Hættumat** | Lítil hætta, vegna vitneskju um þýðingu sögustaða á þessu svæði. |

**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957. bls. 14-15, nr. 22 á korti, Hólar í Hjaltadal, fylgiskjal 3.
Túnakort 1919, fylgiskjal 4.
Skagfirzk fræði IV.-V, Heim að Hólum, Brynleifur Tobíasson. bls. 233, 1943. Örnefnastofnun: Örnefnaskrá, Margeir Jónsson.



Mynd 4. Nýibær, horft í norð-austur . Ljósm. K.G. 1999.

**5**
**Tegund minja:** Bústaður/ torfbær
**Hlutverk:** Bústaður fyrrum
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Nýibær
**Lega:** **N:** 65°44004 **V:** 19°06673
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, torfbær nr. 4 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913. Bærinn er á bæjarhólnum ofan og austan við bílastæði, við aðalinngang Hólaskóla
**Lýsing:** Bærinn hefur nokkrum sinnum verið gerður upp að utan, með nýjum torfhleðslum, á bænum eru 3 burstir sem snúa á móti vestri, sú sem er í miðjunni er lægri og þar er inngangur.
**Aðrar upplýsingar:** Benedikt Vigfússon prófastur lét reisa Nýjabæ handa Jóni syni sínum árið 1854.
Bærinn er nú einu sinni enn í endurbyggingu..
**Hættumat:** Bærinn friðlýstur og er í eigu Þjóðminjasafnsins.
**Heimild:** Hólastaður 1957, nr. 4 torfbær á korti Hólar í Hjaltadal 1913. Afrit 1957, fylgiskjal 3, og bls. 138
Túnakort 1919, fylgiskjal 4.
Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, fylgiskjal 5, HSk.



Mynd 5. Hólar, áður en að skólahúsið var reist. 1892. Rétt til hægri á miðri mynd má sjá elsta bæinn á Hólum, kirkjan til vinstri, og Nýibær ber í kirkjuþakið hægra megin á myndinni, horft í austur. Ljósm: HSk.

**6**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Bústaður/horfið |
| **Hlutverk:** | Bústaður |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°4399 **V:** 19°0687 |
| **Staðhættir:** | Hólastaður 1957, Bæjarrúst er nr. 13 og ártalið 1860, á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913<br>Einnig sýnd á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905.<br>Húsin hafa staðið við norð-vesturhorn kirkjugarðsveggjar.<br>Bæjarhúsin á staðnum munu flest öll hafa staðið fyrr á tíð nokkru fyrir sunnan lækinn, suður og vestur frá núverandi dómkirkju. Bar staðarhúsin því eigi hátt yfir láglendið. – |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af hinum fornu bæjarhúsum vegna túnasléttunnar, og þjóðvegarins sem fer yfir bæjarstæðið. |
| **Hættumat:** | Svæði þetta gæti verið í einhverri hættu vegna ágangs og vegagerðar. |
| **Heimild:** | Skagfirzk fræði IV.-V.Heim að Hólum, bls. 236-7 Brynleifur Tobíasson, 1943. Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957. kort: Hólar í Hjaltadal 1913 afrit frá 1957, fylgiskjal 3.<br>Túnakort 1919, fylgiskjal 4.<br>Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal 1905, fylgiskjal 5, HSk. |

**7**

**Tegund minja:** Bústaður/horfið
**Hlutverk:** Bústaður
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Bústaður skólakennara
**Lega:** **N:** 65°44041 **V:** 019°06877
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, á korti Hólar í Hjaltadal 1913. Rúst af bústað skólakennara nr. 24. Frá norð-austur horni kirkjugarðsveggjar í austur í miðjum vegi, sem liggur frá biskupsbústað að aðalbyggingu Hóla.
**Lýsing:** Ekkert sést af bústað þessum, vegna túnasléttunnar og vegarins sem liggur þarna í dag.
**Hættumat:** Vegur liggur yfir staðinn.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, kort af Hólum í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.

**8**

**Tegund minja:** Bústaður/horfið
**Hlutverk:** Bústaður
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Traðarhóll
**Lega:** **N:** 65°44078 **V:** 19°06910
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, nr. 11 á korti Hólar í Hjaltadal 1913, er á sama stað og nr. 23, Traðarhóll, rúst af bústað staðarprestanna.. Sést einnig á túnakorti frá 1919 og korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Um 25 metra austur af biskupsbústað.
**Lýsing:** Ekkert sést af fornleif, vegna sléttunar.
**Aðrar upplýsingar:** Á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, er nr. 11 geymsluhús frá 1909, á sama stað og nr. 23 rúst af bústað staðarprestanna á sama korti. Í sóknarlýsingu frá 1843, er getið um Traðarhól sem nýbýli í heimatúni Hóla.
**Hættumat:** Helst væri hætta þarna, ef um jarðrask yrði að ræða, vegna nýbygginga eða annars slíks.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, kort af Hólum í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3.
Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4. Kort Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905 HSk. fylgiskjal 5. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla, bls 127. 1954.




Mynd 6. Flatarteikning, tóft. Teikn. K.G. 1999.

**9**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Bæjarstæði/ tóft |
| **Hlutverk:** | Bústaður |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Nýibær/Geitagerði 1:1 |
| **Lega:** | **N:** 65°43860 **V:** 1906341 |
| **Staðhættir:** | Upp af hesthúsum ( áður fjárhúsum) sem eru næst Hólum um 150 m í austur. |
| **Lýsing:** | Tóftin skiptist í 4 hólf og er hægt að ganga á milli þeirra, í syðsta og austasta hólfið vantar syðsta vegginn. Lengd 17m breidd 13m, hleðsluhæð 0.2 -0.3m, dyrahella er við inngang í austasta og nyrsta hólfið. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Í jarðabók Árna og Páls segir: “Geitagerði er fjárhússtæði sem stóllinn brúkar og þó að girðing sé umhverfis, þá veit enginn að hér hafi bær verið og því líkast að um fjárhúsin hafi sú girðing verið gerð til túnræktar” (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, níunda bindi, bls.219, 1930) Í sóknarlýsingunni frá 1843 er getið um gerði sem heiti Geitagerði. Í sóknarlýsingu er einnig getið um að Nýibær sé nýbýli í heimatúni Hóla. (Sóknarlýsing bls. 127.) Í bókinni Heim að Hólum, bls. 236 segir höfundur að eigi viti menn með vissu hvar Nýibær hafi verið, en líklegast hafi það verið í Geitagerði því þar hafi verið og séu talsverð tún. (Heim að Hólum, bls. 236) |
| **Hættumat:** | Hætta ef jarðrask verður á svæðinu. |
| **Heimild:** | Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, níunda bindi, bls. 219, 1930. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla bls.127. 1954. Skagfirzk fræði IV.-V. 1943 Heim að Hólum, Brynleifur Tobíasson bls. 236, 1943 Hólastaður Gunnlaugur Björnsson Ljósmynd á bls. 136-137, 1957. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994. |



Mynd 7. Fiskasteinn, horft í austur. Ljósm. K.G. 1999

**10**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Fiskasteinn/náttúruminjar |
| **Hlutverk:** | Fiskasteinn |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Fiskasteinn |
| **Lega:** | **N:** 65°44039 **V:** 19°06867 |
| **Staðhættir:** | Fiskasteinn er nr. 39 á korti frá 1913. Við heimreiðina til Hóla milli biskupsbústaðar og aðalbyggingar Hóla (Latínuveg), rétt við þar sem vegurinn beygir. Steinninn er í trjálundi ofan vegar, 2 metra í austur, þar sem heimild er um að Latínuskóli hafi staðið. |
| **Lýsing:** | Steinninn flatur að ofan og nokkuð sléttur smá gróp í steinninn við vestari brún 0.5 x 0,5 cm steinninn mjókkar heldur til austurs og er svolítið mosagróinn |
| **Aðrar upplýsingar:** | Steinn þessi er sagður hafa verið til að berja á harðfisk og er slíkt talið sennilegt eftir afstöðu hans til skólahússins gamla, eftir henni hefur hann staðið í suðvestur frá vesturdyrum skólans. (Skagfirsk fræði IV.-V bls. 237) |
| **Hættumat:** | Hætta gæti stafað af byggingaframkvæmdum eða vegagerð á þessu svæði. |

**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 39 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit frá 1957, fylgiskjal 3. Skagfirzk fræði IV-V 1943. Heim að Hólum (1943) bls. 237.

**11**
**Tegund minja:** Fjárhús/horfið
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44070 **V:** 19°06931
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, kort Hólar í Hjaltadal 1913. nr. 12 fjárhúsrúst og ártalið 1860.
Hefur staðið þar sem núverandi biskupsbústaður er í dag.
**Lýsing:** Ekkert sést af fjárhúsinu vegna biskupsbústaðar.
**Hættumat:** Engin hætta, þar sem byggt hefur verið á staðnum.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 12 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk, fylgiskjal 5.

**12**
**Tegund minja:** Fjárhús/horfið
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** N: 65°44142 V: 19°07411
**Staðhættir:** Frá gatnamótum vegar að tjaldstæði og þjóðvegar, um 50 m eftir vegkantinum í suður, meðfram túninu sem liggur að Hólakirkju
**Lýsing:** Ekkert sést vegna vegagerðar og túnasléttunnar.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905. varðveitt á HSk. fylgiskjal 5.

**13**
**Tegund minja:** Fjárhús/horfið
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44162 **V:** 19°07450
**Staðhættir:** Í miðjum vegi á gatnamótum vegarins að tjaldstæði Hóla og þjóðvegar.
**Lýsing:** Ekkert sést af fornleif vegna vegagerðar.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905. varðveitt á HSk., fylgiskjal 5.

**14**
**Tegund minja:** Fjárhús/horfið
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43908 **V:** 19°6670
**Staðhættir:** Við norð-vesturhlið, á hússins þar sem er Brúsabyggð 10.
**Lýsing:** Ekkert sést af fjárhúsinu vegna bygginga á svæðinu og sléttunnar.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905 HSk., fylgiskjal 5. Túnakort 1919, fylgiskjal 4.




Mynd 8. Flatarteikning fjárhústóft. Teikn. K.G. 1999.

**15**

**Tegund minja:** Fjárhús/tóft
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Eldspýtnaborgin.
**Lega:** 65°44131 19°07334
**Staðhættir:** Af þjóðvegi um 30 metra inn á veg að tjaldstæði Hóla í austur síðan um 100 m í suður í átt að kirkjunni.
**Lýsing:** Tóftin mjög sigin og grasi gróin um 33 m á lengd og 18 m á breidd, hleðsluhæð 0.2-0.3m veggjaþykkt um 1-3 m. Í lengsta hluta tóftarinnar mótar fyrir smá milliveggjum á tveimur stöðum á vestur hlið, í suður mótar fyrir veggjum af u-laga tóft sem er opin í austur.
**Aðrar upplýsingar:** Í ævisögu Steingríms Steinþórssonar er sagt frá fjárhúsum þessum:

> “Geirfinnur Trausti Friðfinnsson sem var bústjóri á Hólum árin 1908-1914 reisti fjárhús allmikil yzt á Hólatúni, utan við Krókhóla. Hús þessi stóðu uppi þegar að ég kom að Hólum. Þetta voru torfhús og hlaða við, en með járnþaki. Þau munu hafa rúmað allt að 300 fjár. Viðir voru svo veikir í upphafi, að öll þök voru skæld orðin og sigin. Kom aldrei skepna í húsin meðan ég var á Hólum, enda lét ég rífa þau til grunna tvö fyrstu árin sem ég var þar. Bygging þessi gekk aldrei undir öðru nafni á Hólum en Eldspýtnaborg, dregið af því að viðirnir minntu fremur á eldspýtur en máttarviði í fjárhúsum”

**Hættumat:** Hætta af túnasléttun.
**Heimild:** Steingrímssaga, sjálfsævisaga Steingríms Steinþórssonar, forsætisráðherra I bindi, bls. 96-97, 1979.




Mynd 9. Flatarteikning, fjárhús tóft. Teikn. K.G. 1999.

**16**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Fjárhús/ tóft |
| **Hlutverk:** | Fjárhús |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°43860 **V:** 19°06870 |
| **Staðhættir:** | Í girðingu fyrir neðan Bleikjurannsóknarhús, (gamla fjósið), frá hliði á girðingunni við þjóðveginn, um 120 m í vestur. |
| **Lýsing:** | Tóftin er 16x16m, hleðsluhæð um 0.2-0.4, veggjaþykkt um 1-2 m. Tóftin skiptist í 4 hólf innangengt á milli þeirra, inngangur á vesturhlið. Tóftin er sigin og grasi gróin, en vel sjáanleg. |
| **Hættumat:** | Ef sléttað eða byggt yrði á svæðinu |
| **Heimild:** | Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905,HSk, fylgiskjal 5. |




Mynd 10. Flatarteiknin, fjárhús tóft. Teikn. K.G. 1999

**17**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Fjárhús/tóft |
| **Hlutverk:** | Fjárhús |
| **Landareign:** | Hól |
| **Lega:** | **N:** 65°43861 **V:** 19°06862 |
| **Staðhættir:** | Fyrir neðan Bleikjurannsóknarhús (gamla fjósið). Neðan þjóðvegar í hestagirðingu, í um 120 m í suð-vestur frá hliðinu á hestagirðingunni. |
| **Lýsing:** | Tóftin er um 13x13m, hleðsluhæð 0.2x0.4, veggjaþykkt um 1-3m, skiptist í 2 hólf, virðist sem að þetta sé hluti að tóft sem hefur verið stærri, en hefur eyðst vegna ágangs hrossa og byggingar rotþróar. |
| **Hættumat:** | Ef sléttað eða byggt yrði á svæðinu |
| **Heimild:** | Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5. |




Mynd 11. Fjárhús, tóft, Geitagerði 1:2 Teikn. K.G. 1999

**18**

| | |
|---|---|
| **Tegund:** | Fjárhús/tóft |
| **Hlutverk:** | Fjárhús |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Nýibær /Geitagerði 1:2 |
| **Lega:** | **N:** 65°43860 **V:**19°06363 |
| **Staðhættir** | Upp af hesthúsum (áður fjárhús) sem eru næst Hólum, um 150m í austur. |
| **Lýsing:** | Tóftin er 12 m á lengd og 8 m á breidd, hleðsluhæð 0.3m veggjaþykkt um 2-3m, tóftin er eitt hólf, og sést ekki móta fyrir inngöngudyrum í það, tóftin mjög grasi gróin |
| **Hættumat:** | Hætta ef jarðrask verður á svæðinu. |
| **Heimild:** | Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994. Heim að Hólum, Brynleifur Tobíasson bls. 236. 1943<br>Hólastaður Gunnlaugur Björnsson Ljósmynd á bls. 136-137, 1957.<br>Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla bls.127. 1954 |

**19**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Fjárhús/horfið |
| **Hlutverk:** | Fjárhús |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Kollugerði**.** |
| **Lega:** | N: 65°42192 V: 19°07327 |

| | |
|---|---|
| **Staðhættir:** | Fjárhúsið hefur staðið þar sem núverandi Grunnskóli Hóla stendur í dag. |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af fjárhúsi þessu vegna skólabyggingarinnar. |
| **Heimild:** | Viðtal við Trausta Pálsson ráðsmann á Hólum í júlí 1999. |




Mynd 12. Flatarteikning, fjárhús við Kollugerði. Teikning K.G. 1999

**20**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Fjárhús/tóft |
| **Hlutverk:** | Fjárhús |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Kollugerði |
| **Lega:** | **N:** 65°44286 V: 19°07651 |
| **Staðhættir:** | Um 150m í norð-vestur frá Grunnskóla Hóla, þar sem áður var uppistöðulón vegna rafmagnsveitu. |
| **Lýsing:** | Tóftin er vel sýnileg, grasi gróin um 34x8-9m hleðsluhæð um 0.5m veggjaþykkt 1m. Tóftin skiptist í þrjú hólf, í syðsta hólfið er inngangur í suður, ekki sést móta fyrir inngang í miðhólfið, og nyrsta hólfið er með inngang í norður, frá þeim inngangi er um 1 m. út í túngarðinn sem liggur við norður og austurhlið tóftarinnar, um 150m langur. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Býli þetta var talið með eyðikotum í sóknarlýsingu frá 1840 ( Sóknarlýsing bls. 127. Skagf. fræði bls. 236)<br>Kollugerði er fjárhússtæði sem stólinn brúkar, og þó að girðing sé umhverfis, þá er ekki vitað að hér hafi verið bær, og líkast því að um fjárhúsin hafi verið sú girðing gjörð til túnræktunar við fjárhúsin. (Jarðabók 1709, Hólahreppur bls. 219)<br>Skammt norður af Hólatúni eru tóftarbrot forn og vallgróin. Umhverfis þau var túnstæði, og þó lítið. Ekki virðist ólíklegt, að hér hafi verið býli fyrr á öldum, en þó munu engar heimildir til um það. Tóftir þessar heita Kollugerði. Jarðrask sem leiddi af rafvirkjun hefur valdið nokkru um það að Kolugerði er nú ekki með sömu ummerkjum og áður var. (Hólastaður bls. 13)<br>Syðri hluti tóftarinnar hefur verið við vatnsborð uppistöðulónsins sem þarna var vegna rafveitunnar. |

**Hættumat:** Hætta ef jarðrask verður á svæðinu.
**Heimild:** Skagfirzk fræði IV.-V.: Heim að Hólum Brynleifur Tóbíasson 1943, bls. 236.
Hólastaður 1957, Gunnlaugur Björnsson, bls. 13. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla bls. 127 1954. Jarðabók Árna Magnússonar. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994 Viðtal við Trausta Pálsson ráðsmann Hólum , í júli 1999.




Mynd 13. Flatarteikning, fjárhús/tóftarbrot. Teikn. K.G. 1999

**21**
**Tegund minja:** Fjárhús/tóftarbrot
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44064 **V:** 19°07438
**Staðhættir:** Þar sem vegurinn skiptist í aðkeyrslu að tjaldstæði Hólastaðar neðan vegar á móts við tún sem liggur að Hólakirkju, á svo nefndum Krókhólum.
**Lýsing:** Lítið sést af fjárhúsum þessum, nema L-laga tóftarbrot 9m breidd og 14m langt veggjaþykkt um 3m og veggjahæð 0.2-0.3m, allt grasi gróið.
**Hættumat:** Ef sléttað yrði á staðnum.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk. fylgiskjal 5.




Mynd 14. Flatarteikning af fjárhús tóft. Teikn. K.G. 1999

**22**
**Tegund minja:** Fjárhús/tóft
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44108 **V:** 19°07384
**Staðhættir:** Þar sem vegurinn skiptist í aðkeyrslu að tjaldstæði neðan vegar á móts við tún sem liggur að Hólakirkju, á svo nefndum Krókhólum.
**Lýsing:** Tóftin er mikið sigin og grasi gróin 12-13m á lengd og 8 m á breidd, hleðsluhæð 0.2- 0.4 veggjaþykkt um 1m. Tóftin skiptist í tvö hólf, annað með garða í miðjunni og opið til vesturs, ekki sést fyrir gangi á milli hólfanna.
**Hættumat:** Ef sléttað yrði á staðnum.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5.

**23**
**Tegund minja:** Fjárhús/horfið
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43974 **V:** 19°06548
**Staðhættir:** Þar sem húsið Nátthagi 10 stendur, sem er syðsta hús í nýlegri byggð Hólastaðar.
**Lýsing:** Ekkert sést af fjárhúsunum vegna túnasléttunnar og bygginga á staðnum.
**Heimild:** Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal, frá 1905 HSk, fylgiskjal 5.

**24**
**Tegund minja:** Fjárhús/horfið
**Hlutverk:** Fjárhús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44013 **V:** 19°06527
**Staðhættir:** Rétt sunnan við skólastjórabústað Hólaskóla.
**Lýsing:** Ekkert sést af fjárhúsinu vegna jarðrasks.
**Aðrar upplýsingar:** Hermann Jónasson lét reis fjárhús þessi, Voru þau frá forni fari alltaf nefnd Steinhúsin. Veggir voru hlaðnir úr grjóti og kastað sementi á suma þeirra, einkum alla kampa á framhlið. Fjárhús þessi voru fjögur, undir sama þaki, mjög bröttu. Hús þessi rúma um 160 fjár. Steingrímssaga bls. 96.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5. Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4.
Steingrímssaga, Sjálfsævisaga Steingríms Steindórssonar forsætisráðherra, I bindi, bls. 96, 1979.




Mynd 15. Flatarteiking tóft. Teikn. K.G. 1999.

**25**
**Tegund minja:** Fjárhús?/rétt?/tóft
**Hlutverk:** Fjárhús?/rétt?
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°4360 **V:** 19°0586
**Staðhættir:** Um 110m í austur upp af syðstu hesthúsum/áður fjárhús Hóla í í hestahaga.
**Lýsing:** Tóftin er 20x4, hleðsluhæð um 0.2-0.3, veggjaþykkt um 1-2m Veggir eru signir og grasi grónir. Tóftin skiptist í 3 hólf, á milli tveggja syðri hólfanna mótar fyrir dyrum og einnig á austurhlið syðsta hólfsins, Á vestasta hluta tóftarinnar mótar ekki fyrir neinum inngangi. Á austur- og suðurvegg sést í steinshleðslu annars tóftin öll gróin.

Tóftin er á norðurhlið túngarðs sem liggur kringum hana, og getur þá hugsast að þarna hafi verið býli, þó ekki séu heimildir fyrir því. (Hjalti Pálsson 1999)

**Hættumat:** Helst hætta ef jarðrask verður á svæðinu.
**Heimild:** Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994. Viðtal við Hjalta Pálsson, f. 1947, í júní 1999.

**26**
**Tegund minja:** Fjós/horfið
**Hlutverk:** Fjós
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43982 **V:** 19°06908
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, nr. 10 Fjós og ártalið 1902, Sést einnig á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905 og á túnakorti 1919, Fjósið hefur staðið rétt austan við þjóðvegin að Hólum, um 10 metra á móts við norð-vestur horn á kirkjugarðsvegg.
**Lýsing:** Ekkert sést af fjósinu vegna túnasléttunnar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 10 á korti Hólar í Hjaltadal, frá 1913 afritað 1957, fylgiskjal 3.
Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk, fylgiskjal 5 .
Túnakort 1919, fylgiskjal 4.

**27**
**Tegund minja:** Fjós, fjós/horfið
**Hlutverk:** Fjós
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43976 **V:** 19°06941
**Staðhættir:** Á móts við norð-vesturhorn á kirkjugarðsvegg um 40 m í norður eftir þjóðveginum rétt við vegbrúnina austan megin
**Lýsing:** Ekkert sést af fjósum þessu vegna túnasléttunnar og vegagerðar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal Fjósrúst 1889, nr. 15 á korti frá 1913, afritað 1957, á sama korti nr. 16 fjós á sama stað.
fylgiskjal 3. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5.

**28**
**Tegund minja:** Fjós/hlaða/horfið
**Hlutverk:** Fjós/hlaða
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43031 **V:** 19°06990
**Staðhættir:** Frá norð-vestur horni á kirkjugarðsvegg um 40 metra í vestur í túni neðan vegar að Hólum.
**Lýsing:** Ekkert sést af byggingum þessum vegna túnasléttunnar.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal Fjós/hlöðu rústin nr. 28, á korti frá 1913, afritað 1957, fylgiskjal 3.

**29**
**Tegund minja:** Gata/vegur/leið /Gata
**Hlutverk:** Gata/vegur/leið
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43989 **V:** 19°06966
**Staðhættir:** Frá nyrðri hluta Bleikjurannsóknarhúss, neðan vegar í hestagirðingu í vestur, má sjá byrjun á götunni sem liggur í beygju niður að girðingu við skurð heldur síðan áfram eftir skurðinn nokkra metra í vestur.
**Lýsing:** Vegurinn er um 3m breiður grasi gróinn og vel sýnilegur, í landinu.
**Aðrar upplýsingar:** Vegur þessi hefur legið niður að Hjaltadalsánni, samkvæmt korti frá 1905.
**Hættumat:** Hætta gæti stafað af túnasléttun eða byggingaframkvæmdum, ef það yrði á þessu svæði.
**Heimild:** Landmælingar ríkisins. Loftmynd 1:4000 frá 1994. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk. fylgiskjal 5.

**30**
**Tegund minja:** Geymsla /horfið
**Hlutverk:** Geymsla
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44078 **V:** 19°06910
**Staðhættir:** Geymsluhús, nr. 11 á korti frá 1913, sést einnig á túnakorti frá 1919 og korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Um 25 metra í austur frá biskupsbústað.
**Lýsing:** Ekkert sést af geymsluhúsinu sem hefur verið byggt ofan á rústir eða tóft sem var bústaður staðarhaldara Hólaskóla, á Traðarhóli, samkvæmt korti frá 1912 .
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, kort af Hólum í Hjaltadal Geymsluhús, nr. 11 á korti frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3. Túnakort 1919, fylgiskjal 4. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5.

**31**
**Tegund minja:** Girðing/garðlag /horfið
**Hlutverk:** Girðing/garðlag
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44075 **V:** 19°06922
Staðsetning tekin við suðvestur horn biskupsbústaðar
**Staðhættir:** Hólastaður, kort frá 1913 nr. 44 fornt garðlag. beint upp af Gvendarbrunni, þar sem byggja á Auðunnarstofu, við heimreiðina að Hólum, hefur legið yfir þar sem húsdýragarðurinn er í dag og í stefnu á Gamla bæinn og verið um 2 metra frá austasta hluta hans, og haldið síðan áfram fyrir neðan skólastjórahús.
**Lýsing:** Ekkert sést af þessu garðlagi í dag vegna sléttunar, vegagerðar og framkvæmda á svæði því sem garðlagið lá um.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 44 á korti fornt garðlag, Hólar í Hjaltadal kort frá 1913, afrit gert 1957, fylgiskjal 3.



Mynd 16. Garðurinn, horft í norður. Ljósm. K.G. 1999




Mynd 17 Flatarmálsteikning, girðing/garðlag. Teikning K.G. 1999

**32**
**Tegund minja:** Garðlag/girðing
**Hlutverk:** Girðing
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44154 **V:** 19°07336
**Staðhættir:** Frá þjóðvegi, farið inná veg að tjaldstæði Hóla, og vegi að biskupsbústað frá þeim gatnamótum um 30 m í vestur. meðfram vegkantinum sunnanmegin.
**Lýsing:** Garðurinn er nokkuð heillegur sérstaklega syðrihluti hans, hann er um 69 metrar á lengd og allt að 0.5 á breidd, nokkuð hefur þó hrunið úr hleðslum og sumstaðar vantar alveg hleðslu.
Garður þessi hefur upphaflega verið nokkuð lengri eða um 100 m samkvæmt korti frá 1905.
**Hættumat:** Hætta gæti verið af sléttun, eða öðrum framkvæmdum sem raskað gætu legu garðsins.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905,. HSk., fylgiskjal 5.



Mynd 18. Geitakofi, tóftir, horft í vestur. Ljósm. Hjalti Pálsson 1977.

**33**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Geitakofi /hleðsla |
| **Hlutverk:** | Stekkur |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | N: 65°44116 V: 19°06245 |
| **Staðhættir:** | Fyrir ofan Prestssæti í átt til fjalls upp með vatnsleiðslu, síðan um 30 metra fyrir ofan yfirfall á vatnsbóli, og þá um 5 m í norður frá vatnsleiðslu. |
| **Lýsing:** | Hlaðinn úr grjóti nokkuð heillegur, grasi gróinn að hluta, um 5 á breidd og 6 m á lengd, hleðsluhæð um 1.2 m veggjaþykkt 1-1.5 m. Inngangur á vesturhlið, skiptist í 2 hólf með inngangi á milli. |
| **Hættumat:** | Hætta á meira hruni úr veggjum stekkjarins. |
| **Heimild:** | Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, 1994. Leiðsögn Trausti Pálsson ráðsmaður Hólum júli 1999. |




Mynd 19. Flatarteikning Geitakofi Teikn. K.G. 1999

**34**

**Tegund minja:** Garður/gönguleið
**Hlutverk:** Gönguleið
**Landareign:** Hólar
**Staðhættir:** Garður þessi liggur upp Hólabyrðu, í austur -vestur, upp frá skógræktarsvæði, því elsta sem er á staðnum, fyrir ofan hesthús Hóla sem næst standa aðalbyggðinni á Hólum.
**Lýsing:** Um 450 m langur og 2-3 metra breiður, mjög útflattur. Hleðsluhæð um 0.5m grasi gróinn.
**Aðrar upplýsingar:** Í Sóknarlýsingu frá 1843, er sagt að móti enn fyrir garði þeim upp í skálina og mælt sé að biskup hafi gengið þangað um föstutímann. ( Sýslu- og sóknarlýsing Skagafj. bls. 130).
**Hættumat:** Garðlagið er friðlýst.
**Heimild:** Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla 1954. Landmælingar ríkisins, loftmynd í 1:4000 frá 1994.

**35**

**Tegund minja:** Heimreið/gata
Er merkt nr. 45, á kort Hólar í Hjaltadal, fylgiskjal 3.
**Hlutverk:** Heimreið
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44172 **V:** 19°07391
**Staðhættir:** Hólastaður 1957**,** Heimreiðin er nr. 45 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, sést einnig á túnakorti frá 1919.
Heimreiðin liggur á sama stað og malarvegurinn er í dag, í suður út frá vegi að tjaldstæði, meðfram biskupsbústað og upp að aðalbyggingum Hólastaðar.
**Lýsing:** Malarvegur, um 4 m breiður er nú á sama stað og heimreiðin, sést hún því ekki.
**Hættumat:** Malarvegur hefur verið lagður ofan á heimreiðina, hætta því lítil á frekari röskun.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, kort af Hólum í Hjaltadal frá 1913 með afrit 1957, fylgiskjal 3
Sigurjón Benjamínsson , kort Hólar í Hjaltadal frá 1905 HSk., fylgiskjal 5. Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4.

**36**

**Tegund minja:** Hestarétt/horfið
**Hlutverk:** Hestarétt
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44004 **V:** 19°06892
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, nr. 31 á korti Hólar í Hjaltadal. Frá kirkjugarðshliði um 20 m í vestur í miðjum þjóðveginum að Hólum.
**Lýsing:** Ekkert sést af rétt þessari vegna vegagerðar.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal kort frá 1913 afrit 1957, rúst af hestarétt nr. 31 á því korti. fylgiskjal 3.

**37**
**Tegund minja:** Hesthús/hlaða/skemma /horfið
**Hlutverk:** Hesthús/hlaða/skemma
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44017 **V:** 19°06691
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, nr. 6 á korti Hólar í Hjaltadal Hesthús og hlaða byggð 1903,. Skv. sama korti er skemma byggð við hesthúsið og hlöðuna 1911 (nr. 7 á sama korti). Hefur staðið við suðvestur horn efsta og nyrsta kennarabústaðar
**Lýsing:** Ekkert sést af byggingum þessum vegna kennarabústaðar og túnasléttunnar,
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, kort Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, nr. 6 á því korti, fylgiskjal 3. Túnakort 1919, fylgiskjal 4. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905 HSk., fylgiskjal 5.

**38**
**Tegund minja:** Hesthús/horfið
**Hlutverk:** Hesthús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43990 **V:** 19°06916
**Staðhættir:** Frá miðjum nyrðri hluta kirkjugarðsveggjar, um 30 metra í vestur í túni neðan vegar. Hólastaður 1957, kort Hólar í Hjaltadal 1913, nr. 29 hesthúsrúst
**Lýsing:** Ekkert sést af fornleif þessari vegna túnasléttunnar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal kort frá 1913 afrit 1957, hesthúsrétt nr. 29 á því korti, fylgiskjal 3.

**39**
**Tegund minja:** Hesthúskofi/horfið
**Hlutverk:** Hesthúskofi
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Ottakofi.
**Lega:** **N:** 65°44006 **V:** 19°07153
**Staðhættir:** Af þjóðvegi á móts við Gvendarbrunn í vestur í túni neðan vegar meðfram skurði norðanmegin um 120 m. og síðan um 20 metra í norður.
**Lýsing:** Ekkert sést af kofa þessum vegna túnasléttunnar.
**Aðrar upplýsingar:** Sagt er að í kofa þessum hafði Otti Sveinsson falið sig efir að hafa verið ákærður um þjófnað árið 1871 frá Hafliða Jónssyni á Reykjum sem bjó síðar í Saurbæ í Kolbeinsdal. Má lesa um þetta í bókinni "Rauðamyrkur" söguþáttur, eftir Hannes Pétursson 1973.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905, á HSk. Túnakort frá 1919. Rauðamyrkur, söguþáttur, Hannes Pétursson 1973.

**40**
**Tegund minja:** Hesthús/horfið
**Hlutverk:** Hesthús
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44016 **V:** 19°06688

**Staðhættir:** Hólastaður 1957, hesthús 1860 nr. 5 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913 og á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Um 10 metra út frá norðaustur horni torfbæjar í átt að efsta og nyrsta kennarabústaðar eða 5 metra frá nyrsta kennarabústað í suðaustur í átt að torfbænum.
**Lýsing:** Ekkert sést af hesthúsinu vegna sléttunar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 5 á korti Hólar í Hjaltadal 1913 afrit1957, fylgiskjal 3. Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5.

**41**
**Tegund minja:** Jarðhús/íshús.
**Landareign:** Hólar
**Hlutverk:** Íshús
**Lega:** **N:** 65°44038 **V:**19°06818
**Staðhættir:** Austan megin í Virkishól, á móts við inngang í húsdýragarð.
**Lýsing:** Jarðhúsið hefur verið grafið inn í hólinn að austanverðu, og hefur verið inngangur í austur, það er um 2x3m að stærð, um 1.50 m á hæð, húsið hrunið án þess þó að það sjáist á yfirborðinu.
**Aðrar upplýsingar:** Jarðhús þetta var notað sem íshús, byggt í tíð Sigurðar Sigurðssonar skólastjóra, skömmu eftir aldamót síðan notað sem kartöflugeymsla af Vigfúsi Helgasyni sem var kennari Hólum 1921-1963.
**Hættumat:** Jarðhúsið er mikið hrunið.
**Heimild:** Viðtal við Hallgrím Pétursson, f.1923 bónda á Kjarvalsstöðum í Hólahreppi, Skagafirði, í febrúar 2000.



Mynd 20. Frá kirkjugarðshliðinu eftir kirkjugarðsveggnum í norður þar sem mappan er á veggnum eiga göngin að vera undir, horft í vestur. Ljósm. K.G. 2000

**42**

**Tegund minja:** Jarðgöng/vitneskja

**Hlutverk:** Jarðgöng

**Landareign:** Hólar

**Lega:** **N:** 65°44002 **V:** 19°06891

**Staðhættir:** 1) Á vesturhlið á kirkjugarðsveggnum er hlið. Göngin eru um 2.7m í norður frá veggnum sem nemur að nyrðri brún hliðsins. Gæti skeikað 0.5m til eða frá.
2) Frá kirkjugarðsveggnum, við nyrðri hluta sálnahliðsins á vesturveggnum, í norður um 2.70 m, síðan í austur í átt að kirkjunni um 3 m. Þar er leiði Friðbjörns Traustasonar f. 3.2.1889, d. 23.12.1974, (N: 65°44501 V: 19°06130). Þegar grafið var fyrir þeirri gröf var komið niður á steinhleðslu sem menn töldu vera jarðgöngin.
3) Úr bréfasafni Árna Sveinssonar. Eftir lýsingunni sem er þar hafa verið göng vestan við gamla bæinn. (Merkt nr. 10 og 13 á fylgiskjali 3).

**Lýsing:** Ekkert sést af þessum jarðgöngum vegna túnasléttunar.

**Aðrar upplýsingar:** Í sýslu- og sóknarlýsingu Skagafjarðar frá 1843 er getið um að enn þá sjáist merki leynigangs er Jón Arason hafi látið gera til að komast mætti með leynd frá staðnum. (Sóknarlýsingar 1839-1873, Hóla- og Viðvíkursókn bls. 130).

Í bréfasafni Árna Sveinssonar á Kálfastöðum er bréf frá Þormóði Sveinssyni ( bróðir Árna) sem skrifað er á Akureyri 29. mars 1959. Hefur Þormóður þessi það eftir Brynjólfi frænda sínum Eiríkssyni f. 11.11.1872 á Skatastöðum í Austurdal, d. 16.5. 1959. Tók búfræðipróf frá Hólum 1895. Man hann glögglega eftir er jarðgöngin fundust. Voru þau vestan við gamla bæinn eða nær ánni, áttir í Hjaltadal vildi hann helst ekki tilgreina. Framan við bæinn var allstór matjurtagarður og bar talsvert hærra á honum en þar sem fjósið stóð, en það var á grund nokkurri norð-vestur frá bænum,

þannig að bakki myndaðist þar sem garðinn þraut. Hermann Jónasson, skólastjóri frá.1888-1896, Hafði hann þann hátt á að láta taka mold úr bakkanum og bera í flórinn. Svo eitt sinn er Brynjólfur annaðist það starf komu göngin í ljós. En ekki voru þau athuguð gerla, né grafist fyrir hversu löng þau kynnu að vera, því Hermann taldi að það myndi skemma garðinn, en skáhallt inní hann lágu þau, sýnilega í átt til bæjarins, og sem næst í áttina til fjóssins á hinn bóginn, eftir því sem Brynjólf best minnir. Ekki er Brynjólfur viss um að veggirnir hafi verið hlaðnir úr grjóti, en all gildar stoðir voru beggja megin, og minnir hann að grafið væri svo langt, að sínar tvær kæmu í ljós beggja megin. Hafa máttarviðir að sjálfsögðu hvílt á þeim í upphafi, en ekki man hann eftir þeim sérstaklega, né treystir sér til að lýsa göngunum nánar, en þau voru vel opin á þeim parti sem grafið var. Og til frekari skýringar hefur Brynjólfur rissað upp afstöðuna án þess þó að stærðarhlutföll séu rétt. HSk 1427,4to
Þegar kirkjugarðsveggurinn var hlaðinn upp árið 1972, var grafið niður á fast, kom þá í ljós steinhleðsla sem var innan við 1m á breidd , og var hún fyllt með mold, að sögn Jóns Sigurðssonar á Sleitustöðum sem vann við að byggja kirkjugarðsvegginn, var það alveg augljóst að þetta voru göng sem komið var niður á, segir hann ef staðið var við kirkjugarðsvegginn og horft til vesturs hafi göngin vísað eilítið til suðurs.

**Hættumat:** Ef einhver röskun verður við kirkjugarðsvegginn við sálnahlið á vesturvegg kirkjugarðsins, og út frá norð-vestur horninu á kirkjugarðsveggnum sjá nr. 10 fjós og nr. 13 bæjarrúst, fylgiskjal 3, (samanber frásögn úr Bréfasafni Árna Sveinssonar hér á undan). Ef einhver röskun yrði innan við kirkjugarðsvegginn, ætti að gæta verkárni með tilvist ganganna í huga.

**Heimild:** Sýslu og Sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla, 1954. Bréfasafn Árna Sveinssonar á Kálfastöðum HSk. 1427, 4 to. Viðtal í júlí 1999 við Trausta Pálsson f. 1931,Viðtal við Jón Sigurðsson f. 1929 Sleitustöðum, í febrúar 2000.

**43**

**Tegund minja:** Kamar/horfið
**Hlutverk:** Salerni/kamar
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44041 **V:** 019°06786
**Staðhættir:** Hólastaður, nr. 9 útisalerni á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913. Er um 20 metra norðan við norðurhlið girðingar við sundlaug, í smá brekku í suðvestur horni girðingar í kringum húsdýragarð, sem er þarna núna.
**Lýsing:** Ekkert sést af útisalerni þessu vegna jarðrasks á staðnum.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 9 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3.
Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4.

**44**

**Tegund minja:** Kamar/horfið
**Hlutverk:** Salerni/kamar

**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43861 **V:** 19°06364
**Staðhættir:** Hólastaður, kort Hólar í Hjaltadal 1911, nr. 8 á korti frá 1913. útisalerni. Einnig á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Hefur staðið við miðja raðhúsalengju suður af gamla bænum.
**Lýsing:** Ekkert sést af útisalerninu vegna bygginga og sléttunnar á svæðinu.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 8 á korti Hólar í Hjaltadal. frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3. Einnig á korti Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905 HSk., fylgiskjal 5.

**45**
**Tegund minja:** Kálgarður/horfið
**Hlutverk:** Kálgarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44055 **V:** 19°06784
**Staðhættir:** Sést á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Um 20 metra í suðaustur frá biskupsbústað.
**Lýsing:** Ekkert sést af kálgarðinum.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5.

**46**
**Tegund minja:** Kálgarður/horfið
**Hlutverk:** Kálgarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44075 **V:** 19°06922
**Staðhættir:** Sést á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Um 90 metra í austur frá norð-austur horni á kirkjugarðsvegg.
**Lýsing:** Ekkert sést af kálgarðinum.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905, Hsk., fylgiskjal 5.

**47**
**Tegund minja:** Kálgarður/horfið
**Hlutverk:** Kálgarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:**65°0660 **V**:19°06858
**Staðhættir:** Sést á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Er í um 35m í suð-vestur frá biskupsbústað.
**Lýsing:** Ekkert sést af kálgarðinum.
**Heimild:** Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905, Hsk., fylgiskjal 5.

**48**
**Tegund minja:** Kálgarður/horfið
**Hlutverk:** Kálgarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44044 **V:** 19°06605

**Staðhættir:** Hólar í Hjaltadal nr. 50 á korti frá 1913, afrit 1957. Suð-vestan megin á hólnum þar sem er Prestsæti, eða um 50m í norð-austur frá Skólastjórabústað Hóla.
**Lýsing:** Ekkert sést af kálgarði þessum vegna sléttunnar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, kort Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, nr. 50 á því korti, fylgiskjal 3.

**49**
**Tegund minja:** Kirkja/horfið
**Hlutverk:** Kirkja
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Hólakirkja
**Lega:** **N:** 65°4403 **V:** 19°0686
**Staðhættir:** Fyrir framan kirkjudyr á núverandi kirkju Hóla, kirkjurúst, nr. 41 á korti frá 1913
**Lýsing:** Ekkert sést af kirkju þessari , vegna þess að sléttað hefur verið fyrir framan núverandi kirkju.
**Aðrar upplýsingar:** Árið 1395 lét Pétur Nikulásson biskup reisa nýja kirkju á Hólum. Hún var jafn stór Skálholtskirkju og stóð til ársins 1624. Talið er að kirkjan sem fyrir var hafi verið álíka stór. Kirkjan sem er á Hólum nú var reist á árunum 1757-1763, og er meira en helmingi minni en þær kirkjur sem stóðu þar á undan. (Íslenskur sögu atlas1989).
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 41 á korti af Hólum í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3. Íslenskur sögu atlas 1. bindi frá öndverðu til 18 aldar, bls. 66, Almenna bókafélagið 1989.



Mynd 21. Kirkjan til vinstri, séð í austur og norður hlið á kirkjugarðsvegg. Horft í suður. Í túninu norðan við Kirkjugarðsvegginn, hefur verið nr. 10,13, 32, 21, og 48 samkvæmt korti Hólar í Hjaltadal, sjá fylgiskjal 3. Ljósm. K.G. 1999

**50**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Kirkja |
| **Hlutverk:** | Kirkja |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°43994 **V:** 19°06929 |
| **Staðhættir:** | Þegar ekið er heim að Hólum, í suður er kirkjan á vinstri hönd, er hún lítið eitt lægra en skólahúsið sem er austan megin við hana. |
| **Lýsing:** | Kirkjan sem nú stendur er 20.60 m að lengd og 9 m á breidd., framhliðin( norð-vestur hlið), er rauðlituð, en hinar hliðar kirkjunnar eru hvítar. Hún var vígð 1763, og hefur oft verið endurbyggð, nú síðast 1988-1989. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Talið er að fyrst hafi verið byggð kirkja á Hólum um miðja 11 öld. Segir í Jóns sögu helga að Oxi Hjaltason hafi lagt til hennar mikil auðræði búið vel og vandlega innan og þakið blý alla. Þessi kirkja brann með skrúði öllu og virðist hafa verið timburkirkja, en eftir brunann hafi ný kirkja verið reist og stóð sú fram á daga Jóns biskups Ögmundssonar. Árið 1106 var biskupsstóll settur á Hólum. Jón biskup lét síðan brjóta þessa kirkju og reisa í hennar stað timburkirkju mikla og fagra. Hina fyrstu dómkirkju á Hólum stóð hún fram á daga Jörundar biskups fram að aldamótum 1300. Kirkja sú er Jörundur lét gera nálægt aldamótunum 1300 stóð til 27. des 1394, en hún fauk í ofviðri. Líkur eru á að Auðunn rauði Þorbergsson, hafi ætlað að reisa dómkirkju úr steini í stað kirkju Jörundar, og efnið í hana hafi átt að taka úr Rauðuskriðum sem eru í Hólabyrðu, Auðunn biskup lést árið 1322 án þess að hafa lokið við kirkjuna, nema að undirstöður einar voru gerðar og stóðu sem múr utan um timburkirkjur þær sem enn voru reistar. Eftir að kirkja Jörundar fauk 1394 lét Pétur biskup Nikulásson reisa nýja |

timburkirkju  er stóð fram á efstu ár Guðbrands biskups Þorlákssonar, en hún fauk 16. nóvember 1624, og hafði þá staðið í 229 ár. Ný Kirkja var byggð í stað kirkju Péturs og var því verki lokið árið 1627.   Gísli biskup Magnússon lét rífa hana  1759, þegar lokið var undirbúningi að smíði  steinkirkjunnar sem enn stendur. Alls hafa verið reistar 6 kirkjur á undan þeirri sem nú stendur. Þar af 4 dómkirkjur, 3 í kaþólskum sið en 2 í lúterskum (bls. 5-8)
Kirkjan sem er Hóladómkirkja í dag  er hönnuð af  dönskum arkitekt mikilsvirtum og háttsettum de Thurah sem var  húsameistari konungs og skildi hún byggð úr steini, og verða fyrsta steinkirkja á Íslandi.   Þýskur múrarameistari að nafni Sabinsky var ráðinn til að veita byggingunni forstöðu, kom hann til Hóla í ágúst 1757, og réði til sín menn til að höggva sandstein úr Hólabyrðu.  Kirkjan var byggð á gamla kirkjustæðinu en færð lítið eitt til suðurs og var því raskað nokkrum biskupagröfum, þegar grafið var fyrir undirstöðum norðurveggjarins.. Það voru legstaðir Björns Þorleifssonar.  Einar Þorsteinssonar, Jóns Vigfússonar og Gísla Þorlákssonar.  Í gröfunum fundust að sögn nokkrir gullhringir og gullkross en gripirnir þóttu ekki merkilegir  og leyfði kirkjustjórnin að selja þá fyrir málmverði, enda allir glataðir nú.  Kirkjan var tekin út að viðstöddum smiðum 14. sept 1763. hún var síðan vígð 20,. nóv. 1763, með mikilli viðhöfn.   (Um Hólakirkju  bls. 8-12)
Lesa má um eldri gerð Hólakirkju í  Árbók hins Ísl. Fornleifafélags 1960.bls. 5-16.  Grein eftir Magnús Má Lárusson sem heitir “Auðunn rauði og Hólakirkja”
Kirkjunni hefur oft verið breytt í gegnum tíðina.  Hún var síðast endurbyggða á árunum 1988-1989, og endurvígð síðsumars 1989.

**Hættumat:** Kirkjan er friðlýst.

**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957,  nr. 14 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.
Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4.  Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905. HSk., fylgiskjal 5.  Um Hólakirkju: Kristján Eldjárn 1950, bls. 5-24.

**51**

**Tegund minja:** Kirkjugarður

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Landareign:** Hólar

**Lega:** **N:** 65°43994   **V:** 19°06929

**Staðhættir:** Hólastaður 1957, Hólar í Hjaltadal. Kirkjugarður, nr. 49 á korti frá 1913. afrit 1957, Túnakort  frá  1919, einnig á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905.  Kirkjugarðurinn er í kringum kirkjuna á Hólum.

**Lýsing:** Legsteinar eru í kirkjugarðinum frá fyrri tímum m. a. tveir sem eru yfir biskupum. Kirkjugarðurinn er enn í notkun.  Kringum kirkjugarðinn eru upphlaðin veggur, tvö hlið eru á garðinum annað á móti vestri, og hitt á móti austri.  Kirkjugarðsveggurinn er um 1meter á hæð og um 0.8 á breidd, á norðurhlið er hann þó hærri um 1.1 á hæð og er jafn hár landinu innan garðsins.   Stærð kirkjugarðsins er 60x35m  (Um Hólakirkju, Kristján Eldjárn bls.45.)

**Aðrar upplýsingar:** Samkvæmt korti Sigurjóns Benjamínssonar, Hólar í Hjaltadal frá 1905, er kirkjugarðurinn 56x34m, en áður á hann að hafa verið sporöskjulaga, og hafði þá náð lengra til norðurs. Að sögn Jóns Friðbjörnssonar smíðakennara á Hólum lét Gunnar Bjarnason skólastjóri grafa fyrir leiðslum norðan við vegginn, árið 1961, var þá komið niður kistu sem hefur verið innan hins sporöskjulaga garðs. Kirkjugarðsveggurinn var steyptur upp 1906, með sáluhliði úr járni. Hann var síðan rifinn og 1974 var hlaðinn upp nýr veggur úr steinum, og þá stækkaður lítilega til norðurs, um veggbreidd í vestur, og smávegis í austur því tré þau sem þar eru, voru fyrir utan vegginn, en standa nú fyrir innan hann.

**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 49 á korti Hólar í Hjaltadal kort frá 1913 afritað 1957, fylgiskjal 3.
Túnakort 1919, fylgiskjal 4.
Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal 1905, HSk, fylgiskjal 5. Um Hólakirkju, Kristján Eldjárn.1950, bls.12, 45.
Viðtal í mars 2000, við Jón Friðbjörnsson (f. 1925), smíðakennara á Hólum 1952-1987,

**52**

**Tegund minja:** Koppagötur/gönguleið/gata
**Hlutverk:** Gönguleið
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Koppagötur
**Lega:** **N:** 65°44153 **V:** 19°07389
**Staðhættir:** Hefur legið meðfram núverandi þjóðvegi, austan megin í suður frá Svínakeldu og að bæjarlæknum, þegar farið er að Hólum.
**Lýsing:** Ekkert sést af þessum götutroðningi vegna sléttunar á túninu sem þær hafa legið um.
**Aðrar upplýsingar:** Götutroðningur sem lá yfir bæjarlækinn og hétu Koppagötur. Troðningar lágu um krappaþýfi sem náði alla leið frá bæjarlæknum og um miðbik túnsins út að útjaðri þess allt að Svínakeldu. Um Koppagötur var stundum farið, einkum af þeim sem komu til Hóla neðan úr dalnum og þó líklega sér í lagi af gangandi mönnum, sem hefur þótt þessi leiðs beinni en þjóðvegurinn ofan við túnið.
Um þessa leið var eitt sinn að sögn kveðin vísa þessi:
“Kom jeg utan Koppaleið.
Kannist þjer við hana?
Þar sem bróðir brytans reið,
burt með smjördallana.”
En vísunni fylgir sú sögn að bóndi einn úr sveitinni hafi eitt sinn komið erinda við biskup heim á staðinn og hafi þá biskup spurt hann hvaða leið hann hafi komið. Svaraði bóndi þá með vísunni, segir sagan, en tilefni annars verið það, að honum hafi verið í nöp við bryta en vitað til þess að hann myndi hafa greitt fyrir bróður sínum og notað til þess eignir stólsins (Frásögn Jósefs J. Björnssonar skólastjóra og alþingismanns, Heim að Hólum, bls. 233-4)

**Heimild:** Skagfirzk fræði IV.-V. Heim að Hólum, bls. 233-4, Brynleifur Tobíasson. 1943. Viðtal við Hjalta Pálsson f.1947, í feb. 2000.

**53**
**Tegund minja:** Leikfimihús
**Hlutverk:** Leikfimihús
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Leikfimihús
**Lega:** **N:** 65°44999 **V:** 65°44999
**Staðhættir:** Hólastaður, nr. 3 á korti af Hólum frá 1913, afrit 1957, á túnakorti frá 1919. Stendur fyrir aftan aðalbyggingu Hóla í suður norður.
**Lýsing:** Steinsteypt hús, sem hefur verið byggt við, og nú hefur verið byggð tengibygging í aðalhúsið
**Aðrar upplýsingar:** Leikfimihúsið var reist árið 1912, og var þá 16.15m langt og 8.8 m breitt Vegghæð þess um 4.30 (Hólastaður bls. 145) Byggt var við Leikfimihúsið til norðurs á árunum 1953-1955. (Hólastaður bls. 149)
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 3 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3, og bls. 145 og 149. Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4.

**54**
**Tegund minja:** Mylla/horfið
**Hlutverk:** Mylla
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44058 **V:** 19°06691
**Staðhættir:** Myllurúst á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913 nr. 42. Frá Virkishól er gengið eftir göngustíg sem liggur fyrir neðan Prestsæti inn í skógarrjóður að göngubrú yfir lækinn að tjaldstæði, 23 metra í vestur, meðfram læknum norðan megin.
**Lýsing:** Ekkert sést af myllu þessari vegna jarðrasks.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 42 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.

**55**
**Tegund minja:** Mylla/horfið
**Hlutverk:** Mylla
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44037 **V:** 19°06577
**Staðhættir:** Myllurúst eldri. nr. 43 á korti í bókinni Hólastaður frá 1913 Um 50 metra í austur frá flaggstöng á Prestsæti við gamlan lækjarfarveg í háu grasi.
**Lýsing:** Ekkert sést af myllu þessari vegna jarðrasks.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957. Hólar í Hjaltadal, nr. 43 á korti frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.

**56**
**Tegund minja:** Prenthús/horfið.
**Hlutverk:** Prenthús
**Landareign:** Hólar
**Prenthús:** Prenthús
**Lega:** **N:** 65°43006 **V:** 19°06982

| | |
|---|---|
| **Staðhættir:** | Hólastaður,1957**,** nr. 17 Prenthúsrúst frá 18 öld. á korti frá 1913, Hólar í Hjaltadal. Neðan vegar að Hólum, um 7 m suð-vestan við Trjálund um Jósef J. Björnsson fyrsta skólastjóra Hóla. |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af Prenthúsinu vegna túnasléttunnar. |
| **Heimild:** | Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 17 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3. |

**57**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Prenthús/horfið |
| **Hlutverk:** | Prenthús |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°4399 **V:** 19°0695 |
| **Sérheiti:** | Prenthús. |
| **Staðhættir:** | Hólastaður, nr. 18 á korti frá 1913, Prenthúsrúst frá 18. öld. Neðan þjóðvegar að Hólum, Um 5 metra vestan við trjálundinn um fyrsta skólastjóra Hóla, í sléttuðu túni. |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af Prenthúsinu vegna túnasléttunnar, nema steinninn einn sem er sagður vera úr Prenthúsinu. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Að sögn Jóns Friðbjörnssonar smíðakennara á Hólum kom steinninn, sem sagður er vera úr Prenthúsinu, í ljós undir norð-vestur horninu á kirkjugarðsveggnum, þegar veggurinn var hlaðinn upp 1974. Hann var tekinn og færður vestur fyrir veginn. Hann færðist síðan lítillega til og lenti á hliðinni vegna snjóruðnings, og er síðan á þeim stað. Á hann er letrað: Jón Arason og ógreinilegt ártal, Hann var settur upp á sjöunda áratug 20.aldar, af Árna S. Eyland.<br>Í prentsmiðjunni voru prentaðir nálægt 100 bókatitlar. Af þeim er Guðbrandsbiblía þekktust, prentun hennar lauk 6. júní 1584. Árið 1799 var prentsmiðjan endanlega flutt frá Hólum. |
| **Heimild:** | Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, kort frá 1913 afrit 1957, nr. 18, frá 18 öld, fylgiskjal 3.<br>Landið þitt. Ísland 2. hefti H-K bls. 108. Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson 1981. Hólar í Hjaltadal, Söguslóð 1989.<br>Viðtal við Jón Friðbjörnsson (f. 1925) smíðakennara á Hólum 1952-1987, í mars 2000. |



Mynd 22. Flaggstöng á útsýnisstaðnum Prestsæti, horft í austur
að Hólabyrðu. Ljósm. K.G. 1999

**58**

**Tegund minja:** Prestsæti/horfið
**Hlutverk:** Útsýnisstaður/hvíldarstaður
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Prestsæti
**Lega:** **N:** 65°44048 **V:** 19°.06608
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, á korti Hólar í Hjaltadal er Prestsæti nr. 36, sagt 165 m.y. sjó á korti frá 1912 . Frá aðalbygginu Hólastaðar er gengið eftir vegi sem liggur meðfram raðhúsi, í stefnu á Hólabyrðu, í u.þ.b. 60 metra í norður frá efsta húsi Hólastaðar, skólastjórabústað, er grasi gróinn hóll upp á honum er steyptur stöpull með flaggstöng í miðjunni. Af staðnum er víðsýnt til allra átta yfir Hjaltadal.
**Lýsing:** Ekkert sést af hinu upphlaðna Prestsæti.
**Aðrar upplýsingar:** Um 1882 sást enn allglöggt móta fyrir upphlöðnu sæti á hólum (Skagfirzk fræði, 1943. bls. 235).
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 36 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.



Mynd 23. Rafstöðvarhús til vinstri á myndinni, horft í norður. Ljósm. K.G. 1999

**59**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Rafstöð/bygging |
| **Hlutverk:** | Raforka/rafstöð |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°43858 **V:** 19°06809 |
| **Staðhættir:** | Neðan vegar (í vestur) um 200 m frá Bleikjurannsóknarhúsi við Hóla, í miðju túni. Sunnan undir Vagnbrekku. |
| **Lýsing:** | Stærð hússins er 2x3m og hæð 2,5m. Steinsteypt með bárujárnsþaki, hurð og gluggi á vesturhlið. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Annáll Hólahrepps 1937, segir að: Seinni hluta sumars og um haustið var unnið að raflýsingu á Hólum. Sameinaðir lækir nokkrir úr Hólabyrðu og leiddir í pípum niður undir "Brúsa" Stöðvarhúsið byggt sunnanvert við Vagnbrekku. Raforka þessi er þó ekki einhlít nema til ljósa. Fyrsta rafvirkjun í Hólahreppi og mun hún hafa kostað 17 þúsund krónur, (Annáll Hólahrepps 1937 HSk. Eftir Kolbein Kristinsson) |
| **Hættumat:** | Ekkert stendur eftir nema stöðvarhúsið og liggur það undir skemmdum af vanhirðu. |
| **Heimild:** | Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson, 1957 bls. 166. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1994. |

**60**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Rafstöð/bygging |
| **Hlutverk:** | Raforka/rafstöð |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | N: 65°44236 V: 19°07718 |
| **Staðhættir:** | Neðan vegar þegar farið er að Hólum, á móts við Kollugerði, þar sem var uppistöðulón fyrir rafstöðina. |
| **Lýsing:** | Um 20 m frá veginum er steinsteypt , neðan við brekkuna í vestur stendur stöðvarhúsið steinsteypt 4x5 m, inngangur í norður, á húsinu er burstaþak með bárujárni. |

**Aðrar upplýsingar:** Árið 1951 rættist hin forni draumur Sigurðar skólastjóra að virkja Víðinesá og fá rafmagn til afnota fyrir staðinn. Garður var mokaður upp, og myndaður vatnsgeymir í lægð í Kollugerði. Vatnið úr ánni er leitt eftir skurði suður í geyminn. Stöðvarhúsið stendur í brekku allhárri og verður fallhæðin 14 m. Orka stöðvarinnar er 50 kw (Hólastaður bls. 166)

**Hættumat:** Hætta helst ef að einhverjar framkvæmdir verða á staðnum.

**Heimild:** Hólastaður bls. 166, Gunnlaugur Björnsson 1957
Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1994




Mynd 24. Flatarteiking Rétt, tóft. Teikn. K.G. 1999

**61**

**Tegund minja:** Rétt/tóft

**Hlutverk:** Rétt

**Landareign:** Hólar

**Lega:** **N:** 65°44047 **V:** 19°06646

**Staðhættir:** Hólastaður á korti frá 1913 nr. 35. Frá Prestsæti í norður um 30 m , eða frá nyrsta kennarabústað í austur um 60 m. Frá göngustíg fyrir neðan Prestsæti sem liggur inn í skógarrjóður að göngubrú á læk að tjaldstæði í átt að Hólum skiptist vegaslóðinn eftir smá göngu og þá er það slóðin sem liggur vinstra megin og upp á smá hæð, síðan er réttin á hægri hönd. Í um 60 metra frá efsta og nyrsta húsi Hólastaðar í norður, (kennarabústað)

**Lýsing:** Réttin er mjög grasi gróin hefur verið skipt í tvö hólf stærra hólfið, það innra 6 metra langt og 2 metra breitt, fremra hólfið 3 metrar að lengd og 2 á breidd, inngangur á móti austri, eitthvert vik (gangur) á norðurhlið í fremra hólfinu. Veggjaþykkt 0.3- 0.4 m. Lengd 11 metrar, breidd 6 metrar. Veggjahæð 0.2-0.3m

**Aðrar upplýsingar:** Réttin var notuð 1920 við fráfærur af Páli Jónssyni, f.08.08.1896. d.1981, sem var smali á Hólum

**Hættumat:** Réttin er ekki í beinni hættu, en hún er mjög grasi gróin og því ekki gott að koma auga á hana.

**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 35 á korti af Hólum 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3. Leiðsögn og viðtal Trausti Pálsson ráðsmaður á Hólum 1999.

**62**
**Tegund minja:** Sáðgarður/horfið
**Hlutverk:** Sáðgarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43969 **V:** 19°06900
**Staðhættir:** Hólastaður, nr. 27 á korti af Hólum í Hjaltadal frá 1913. Frá heimkeyrslunni að Hólaskóla í vestur frá norð-vestur horni á kirkjugarðsvegg í sléttu túni neðan vegar um 40 m.
**Lýsing:** Vegna túnasléttunar sést ekkert lengur sem bendir á að þarna hafi verið sáðgarður.
**Aðrar upplýsingar.** Reitur þessi hefur verið notaður til áburðatilrauna, að sögn Egils Bjarnasonar.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal nr. 27 á korti frá 1913, afrit gert 1957, fylgiskjal 3.
Viðtal við Egil Bjarnason, (f. 1927), Búnaðarsambandi Skagafjarðar, í febrúar 2000.

**63**
**Tegund minja:** Sáðgarður/horfið
**Hlutverk:** Sáðgarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43990 **V:** 19°06916
**Staðhættir:** Hólastaður, nr. 26 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957. Rétt sunnan við trjálund um fyrsta skólastjóra Hólaskóla í grasi grónu túni.
**Lýsing:** Vegna túnasléttunar sést ekkert lengur sem bendir á að þarna hafi verið sáðgarður.
**Aðrar upplýsingar.** Reitur þessi hefur verið notaður til áburðatilrauna, að sögn Egils Bjarnasonar.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 26 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.
Viðtal við Egil Bjarnason (f. 1927) Búnaðarsambandi Skagafjarðar, í febrúar 2000.

**64**
**Tegund minja:** Sáluhlið/horfið
**Hlutverk:** Sáluhlið
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43981 **V:** 19°06895
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, nr. 32 Sálnahlið á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, fyrir miðjum kirkjugarðsvegg um 5 metra í norð-vestur við fornar traðar (nr. 48, fylgiskjal 3) sem ekki eru lengur sjáanlegar en hafa legið fyrir framan kirkjugarðinn og upp með vesturhlið kirkjugarðsveggjar.
**Lýsing:** Ekkert sést af sáluhliðinu.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal nr. 32 á korti frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3.

**65**

**Tegund minja:** Skemma/horfið
**Hlutverk:** Skemma
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44078 **V:** 19°06910
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, kort Hólar í Hjaltadal. Geymsluhús 1909, nr. 11 á korti frá 1913. Einnig sýnt á túnakorti frá 1919.
Um 25 metra í austur frá biskupsbústað. Skemma þessi hefur verið á sama stað og bústaður staðarpresta var og er nr. 23 á sama korti.
**Lýsing:** Ekkert sést af skemmu þessari vegna túnasléttunnar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 11 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3. Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4. Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk., fylgiskjal 5.

**66**

**Tegund minja:** Skemma/horfið
**Hlutverk:** Skemma
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44005 **V:** 19°06910
**Staðhættir:** Hólastaður1957, kort Hólar í Hjaltadal, skemmurúst nr. 25, á korti frá 1913. Rétt sunnan við trjálund um fyrsta skólastjóra á Hólum.
**Lýsing:** Ekkert sést af skemmu þessari vegna túnasléttunnar.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, Hólar í Hjaltadal nr. 25 á korti frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.

**67**

**Tegund minja:** Skothús/horfið
**Hlutverk:** Skothús
**Landareign:** Hólar
**Staðhættir:** Norður af kirkjunni í átt að virkishól/virkislág, ekki vitað með vissu hvar hús þetta hefur staðið...
**Lýsing:** Ekkert sést af Skothúsi þessu vegna túnasléttunnar.
**Aðara upplýsingar:** Húsarúst var á neðra enda Slotsins, rétt fyrir norðan kirkjuna. Þar halda menn að staðið hafi skothús Jóns Arasonar. Rústir þessar sjást nú því miður ekki lengur, því að sléttað hefir verið yfir þær.( Heim að Hólum bls. 237-8)
**Hættumat:** Ef einhver jarðröskun verður á þessu svæði.
**Heimild:** Skagfirzk fræði IV.-V. 1943 Heim að Hólum, Brynleifur Tobíasson bls. 236, 1943. Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson kort Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957,



Mynd 25.   Frá Hólaskóla í átt að Biskupsbústað. Neðan við beygjuna hægra megin, í rjóðri er Fiskasteinn, þar við var Latínuskólinn, Sést í Gvendarbrunn til vinstri á myndinni. Horft í norð –vestur.   Ljósm K.G. 1999.

**68**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Skóli/horfið |
| **Hlutverk:** | Skóli |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Latínuskóli |
| **Lega:** | **N:** 65°44039   **V:** 19°06905 |
| **Staðhættir:** | Hólastaður 1957, kort Hólar í Hjaltadal nr. 19 á korti  frá 1913 er "Latínuskólarúst" og ártalið 18. öld. Við heimreiðina frá biskupsbústað, þar sem beygja er á veginum, í trjálundi 7 metra í austur frá vegkantinum. |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af Latínuskólanum vegna trjáræktar og  sléttunnar á staðnum. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Latínuskólinn var starfræktur frá siðaskiptum og þar til skólahald lagðist af 1802.  Nánari skrif  um Latínuskólann,  í Íslenskum Söguatlas frá öndverðu til 18. aldar I, bindi1989. bls.192. |
| **Hættumat:** | Ef eitthvað jarðrask verður á  þessu svæði,  ætti að  hafa þar í huga hugsanlegar minjar. |
| **Heimild:** | Hólastaður 1957, Gunnlaugur Björnsson. Nr. 19 á  korti Hólar í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3.  Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905, HSk.   Túnakort 1919, fylgiskjal 4. Hólar í Hjaltadal, Söguslóð, Gefið út  á Hólum (1989). |

**69**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Skóli/hús |
| **Hlutverk:** | Skóli |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°43994   **V:** 19°06757 |

**Staðhættir:** Hólastaður 1957, skólahús nr. 1 og ártalið 1909, á korti Hólar í Hjaltadal, frá 1913 og á Túnakorti frá 1919. Er aðalbygging Hólaskóla í dag.
**Lýsing:** Aðalbygging Hólaskóla, blasir við þegar komið er að Hólum. Stórt hvítt steinhús sem stendur á hlaðinu norðan megin við skrautgarð við bílastæði. Nánari lýsing í bókinni Hólastaður bls. 143-145.
**Aðrar upplýsingar:** Hús þetta var byggt 1910, síðan var byggt við það til norðurs eftir að timburhús skólans brann 1926. Arkitekt Guðjón Samúelsson.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 1 á korti Hólar í Hjaltadal 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3, og bls.143-145. Ljósmynd í sömu bók á bls. 136-137. Túnakort frá 1919., fylgiskjal 4.



Mynd 26. Skólahúsið sem brann til grunna 1926, á sama stað var reist áhaldageymsla, hlaða og hesthús, sem er nú áhaldageymsla. Ljósm. HSk.

**70**
**Tegund minja:** Skóli/horfið
**Hlutverk:** Skóli
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43979 **V:** 19°06767
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, Skólahús 1891, nr. 2 skv. korti frá 1912 Sést einnig á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905 og túnakorti frá 1919. Á hlaðinu á Hólum er skrautgarður sunnan megin við hann er vegur um 7 metra breiður og í beinu framhaldi er Skólahúsið í vestur frá því er núverandi fiskarannsóknarstöð (áður fjós), með götu á milli.
**Lýsing:** Ekkert sést af skólahúsinu.
**Aðrar upplýsingar:** Skólahúsið var reist 1891-92. Þetta hús hafði áður átt Eggert Laxdal í Hrísey. Það var tekið sundur og flutt í Kolkuós, en þaðan var því ekið heim í Hóla. Þetta hús brann til grunna haustið 1926, en á sama stað reis síðar áhaldageymsla hlaða og hesthús, byggt 1931( Bændaskólinn á Hólum 1882-1982 bls. 79 og 86).
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 2 á korti Hólar í Hjaltadal 1913. afrit 1957, fylgiskjal 3, á ljósmynd í sömu bók á bls. 136-137 nr. 9 vélahús, og er kjallari í norðurenda þessa húss sem var byggt á rústum skólahússins. Túnakort frá 1919, fylgiskjal

4. Bændaskólinn á Hólum 1882-1982, afmælisrit, Sölvi Sveinsson. Kort Sigurjóns Benjamínssonar Hólar í Hjaltadal frá 1905.HSk. fylgiskjal 5.

**71**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Skóli/horfið |
| **Hlutverk:** | Skóli |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Skóli Jóns Ögmundssonar |
| **Lega:** | **N:** 65°4403 **V:** 190696 |
| **Staðhættir:** | Hólastaður 1957, Hólar í Hjaltadal nr. 21 á korti frá 1913 Skóli J. Ögmundssonar<br>Frá miðri norð-vesturhlið á kirkjugarðsvegg um 15 metra í norðvestur í túni sem liggur að læk sem gengið er yfir að Gvendarbrunni. |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af skólanum vegna túnasléttunnar. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Jón Ögmundsson stofnaði fyrsta skóla norðanlands að Hólum og lét hann kenna mörgum klerkleg fræði. Í skóla þessum virðast bæði karlar og konur hafa notið kennslu. Fór brátt mikið orð af skóla Jóns biskups og svo er sagt að hann hafi fengið valda menn til kennslu bæði innlenda og erlenda, enda dvöldust margir mikilhæfir menn í skóla Jóns biskups, sem síðar urðu áhrifaríkir kennifeður. Meðal þeirra voru biskupar tveir og einnig tveir ábótar (Hólastaður bls. 21) Jón biskup lét reis skólahús að Hólum. Stóð það skammt vestur af kirkjudyrum að því er saga Jóns biskups hermir, en fátt eða ekkert er kunnugt um skólabyggingu þessa (Hólastaður bls. 21) Vorið 1802 voru síðustu nemendur Hólaskóla hins forna brautskráðir. Stúdentar voru þá 5 að tölu (Hólastaður bls. 58) |
| **Heimild:** | Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 21 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3, og bls. 21, 58. |

**72**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Skrúðgarður |
| **Hlutverk:** | Skrúðgarður |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°43986 **V:** 19°06761 |
| **Staðhættir:** | Hólastaður 1957, Hólar í Hjaltadal á korti frá 1913, er staðsettur á milli nr. 1 og 2 á því korti Túnakorti frá 1919. Er á hlaðinu á Hólum, Sunnan við aðalbyggingu og austan við bílastæði Hólaskóla. |
| **Lýsing:** | Grasi vaxinn með skautblómum og trjágróðri. Garðbletturinn er um 23x15m |
| **Aðrar upplýsingar:** | Skrúðgarður þessi var gerður 1910.<br>Garður þessi hefur löngum verið kallaður Biskupsgarður vegna þess að í hann var upphaflega gróðursett eitt birkitré fyrir hvern biskup sem setið hafði á Hólastað. Trjánum hefur nú mjög fækkað. (Hjalti Pálsson) |
| **Heimild:** | Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, kort Hólar í Hjaltadal, frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3. Túnakort 1919, fylgiskjal 4.<br>Viðtal við Hjalta Pálsson,(f.1947) HSk. í mars 2000. |



Mynd 27. Smalabyrgi, inngangur í byrgið fyrir miðri mynd, horft í norð-austur.
Ljósm K.G.1999.

**73**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Smalabyrgi/byrgi |
| **Hlutverk:** | Smalabyrgi |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Staðhættir:** | Vegaslóði sem er sunnan megin við Víðinesána, upp að girðingu með göngustiga, yfir, í norður meðfram girðingunni, um 150 m, þaðan um 100 m í vestur. |
| **Lýsing:** | Byrgið stendur hátt í landinu gott útsýni í allar áttir. Birgið er mikið hrundið hlaðið úr grjóti, 3-4m á lengd og 2-3 m á breidd, hleðsluhæð um 0.4m og veggjaþykkt um 0.5 til 1-2 m. Inngangur er á suðurhlið, birginu hefur hugsanlega verið skipt í tvö hólf, innra hólfið þó vart sjáanlegt, vegna hruns. |
| **Hættumat:** | Byrgið mikið hrunið, en hæglega hægt að hlaða það upp. |
| **Heimild:** | Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994. Viðtal Trausti Pálsson f. 1931 ráðsmaður Hólum júli 1999. |




Mynd 28. Flatarteikning Smalabyrgi. Teikning K.G. 1999

**74**
**Tegund minja:** Smiðja/hjallur/horfið
**Hlutverk:** Smiðja/hjallur
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°43993 **V:** 19°06778
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, ljósmynd á bls. 136-137 nr. 5 og 6 Túnakort frá 1919 Beint niður undan Gamla bænum á Hólum við bílastæði Hólaskóla niður af bæjarhólnum.
**Lýsing:** Ekkert sést af smiðju/hlöðu vegna sléttunar og jarðrasks..
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, bls 136-137. Túnakort frá 1919. fylgiskjal 4.

**75**
**Tegund minja:** Smiðja/horfið
**Hlutverk:** Smiðja
**Landareign:** Hólar.
**Lega:** **N:** 65°44008 **V:** 19°06906
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, Smiðjurúst nr. 30, á korti frá 1913. Frá miðjum nyrðri hluta á kirkjugarðsvegg í vestur rétt í vegarkantinum á þjóðveginum að Hólum.
**Lýsing:** Ekkert sést af smiðjunni vegna sléttunar og vegagerðar.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 30 á korti frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3.



Mynd 29. Stekkur/hleðsla, hesthús til vinstri, og Hólar ofarlega til hægri, horft í norður Ljósm. Hjalti Pálsson, 1997.

**76**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Stekkur /hleðsla |
| **Hlutverk:** | Stekkur |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°4348 **V:** 19°0556 |
| **Staðhættir:** | Frá hesthúsum sunnan við Hóla, um 500 m í austur upp í Hólabyrðu, og síðan um 350 m í suður. |
| **Lýsing:** | Stekkurinn er hlaðinn úr grjóti, og nokkuð hruninn, Hann er 12x5m og hleðsluhæð 0.60-1 m, veggja þykkt er um 1 m. Stekkurinn skiptist í tvö hólf og opið á milli þeirra, fremur breiðar dyr á suð-austurhlið. |
| **Hættumat:** | Hætta helst á meira hruni, en stekkinn mætti hæglega hlaða upp að nýju. |
| **Heimild:** | Loftmynd Landmælingar ríkisins 1:4000 1994. |




Mynd 30. Flatarteikning, stekkur/hleðsla. Teikning K.G. 1999

**77**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Sundpollur/heimild |
| **Hlutverk:** | Sundpollur |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | N: 65°44055 V: 19°06784 |
| **Staðhættir:** | Sundpollurinn er nr. 37 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913. Um 70 m í norður frá aðalbyggingu Hólaskóla, og um 90 m í austur frá Fiskasteini. |
| **Lýsing:** | Ekkert sést af sundpollinum vegna jarðrasks |
| **Heimild:** | Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 37 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3. |

**78**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Sundpollur/hleðsla |
| **Hlutverk:** | Sundpollur |
| **Landareign:** | Hólar/Víðineseyrum |
| **Lega:** | N: 65°44327 V: 19°08058 |
| **Staðhættir:** | Þegar komið er yfir Víðinesá í átt að Hólum er vegaslóði á vinstri hönd, um 20 m frá girðingu sem er yfir veginn frá henni á ská til hægri, á smá mel sem liggur lágt í landinu. |
| **Lýsing:** | Af sundpollinum sést í tvö veggjarbrot, sem eru svo til hlið við hlið, eru um 5 m á milli þeirra. Þau eru grasi gróin um 0.4 m á hæð, og veggjaþykkt um 1-1.5 m. Nyrðra brotið er aðeins L-laga um 4x2, en syðra brotið um 4 m. |
| **Hættumat:** | Helst hætta af áfoki. |
| **Heimild:** | Viðtal við Hjalta Pálsson(f.1947) í mars 2000, Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994. |

**79**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Tilraunastöð/horfið |
| **Hlutverk:** | Tilraunastöð með húsdýraáburð |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°44113 **V:** 19°06891 |
| **Staðhættir:** | Hólastaður 1957, nr. 51 á korti Hólar í Hjaltadal, hefur verið upp af núverandi biskupsbústað um 50 m í austur. Í jaðri skógræktarsvæðis. |
| **Lýsing:** | Grasi gróið svæði í órækt. |
| **Heimild:** | Hólastaður 1957, Tilraunastöð nr. 51 á korti Hólar í Hjaltadal 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3.<br>Viðtal við Egil Bjarnason f. 1928, Búnaðarsambandi Skagfirðinga í janúar 2000. |

**80**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Traðir/horfið<br>Sjá fylgiskjal 3, traðir nr. 48 |
| **Hlutverk:** | Traðir |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | **N:** 65°44070 **V:** 19°06931<br>Staðsetning mælipunkts við suð-vestur horn, fjárhúsrúst nr. 12 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913, fylgiskjal 3. |

**Staðhættir:** Fornar traðir nr. 48 á korti frá 1913, sjást einnig á túnakorti frá 1919.
**Lýsing:** Ekkert sést af tröðum þessum vegna allskyns jarðrasks á svæðinu.
**Heimild:** Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957. nr. 48 á korti af Hólum í Hjaltadal frá 1913, afrit 1957, fylgiskjal 3.
Túnakort frá 1919, fylgiskjal 4.

**81**
**Tegund minja:** Tún.
**Hlutverk:** Nýrækt
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°44031 **V:** 1906929
**Staðhættir:** Hólastaður, nr. 40 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913. "Fyrsta sáðslétta á Íslandi frá 1886". Upp af Gvendarbrunni að malarvegi í austur og nær niður að þjóðvegi í vestur
**Lýsing:** Sléttan afmarkast af læk sem liggur í austur- vestur á milli þjóðvegar og malarvegar að Hólum. Og liggur í kringum Gvendarbrunn til norð-vesturs.
**Aðrar upplýsingar:** "Fyrsta sáðslétta á Íslandi frá 1886". Samkvæmt korti Hólar í Hjaltadal frá 1913. Við túnasléttun var þúfunum fyrst fækkað næst bænum bæði til prýði og nota. Mjög gamlar sléttur voru norðan við bæjarlækinn í grennd við Gvendarbrunn. Voru þær gerðar á fyrri árum Bændaskólans, sem var stofnaður 1882.(Hólastaður bls. 313) Viðtal við Egil Bjarnason Búnaðarsambandi Skagafjarðar.: Hann telur líklegt að þarna hafi verið byrjað með áburð til ræktunar, af einhverjum sem komið hafi á Hóla, e.t.v. einhver gestkomandi. sem hafi haft áburðinn með sér.
**Hættumat:** Túninu gæti stafað hætta af framkvæmdum.
**Heimild:** Hólastaður 1957 Gunnlaugur Björnsson, nr. 40 á korti Hólar í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3, og á bls. 313. Viðtal við Egil Bjarnason f. 1928, Búnaðarsambandi Skagafjarðar í febrúar 2000.

**82**
**Tegund minja:** Túngarður/garðlag
**Hlutverk:** Túngarður
**Landareign:** Hólar
**Lega:** **N:** 65°4361 **V:** 19°0583
**Staðhættir:** Um 110 m í austur fyrir ofan syðsta hesthús /áður fjárhús, Hóla. Þar er tóft, sunnan við tóft þessa er vallargarður í sveig upp af mýrinni og beygir síðan til norðurs. Land þarna er allt skriðurunnið og virðist sem skriður hafi fyllt upp að garðinum að ofan.
**Lýsing:** Garðurinn sem er sjáanlegur er á annað hundrað metrar að lengd. Garðurinn er grasi gróin um 0.3 m á hæð og um 0.5 á breidd
**Hættumat:** Lítil hætta á röskun garðsins.
**Heimild:** Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994. Viðtal við Hjalta Pálsson (f. 1947), í júní 1999.

**83**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Túngarður/gerði |
| **Hlutverk:** | Túngarður/ |
| **Landareign:** | Hólar/Geitagerði |
| **Lega:** | **N:** 65°43860 **V:** 1906341 |
| **Staðhættir:** | Upp af hesthúsum sem eru næst Hólum um 150 m í austur. |
| **Lýsing:** | Garðurinn er grasi gróinn og fremur sigin, liggur í kringum tóftina, ekki þó alveg í hring, um 230m langur. |
| **Hættumat:** | Helst hætta ef jarðrask verður. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Geitagerði er fjárhússtæði sem stóllinn brúkar og þó að girðing sé umhverfis, þá veit enginn að hér hafi bær verið og því líkast að um fjárhúsin hafi sú girðing verið gerð til túnræktar (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, níunda bindi, bls.219, 1930)<br>Í sóknarlýsingunni frá 1843 er getið um gerði sem heiti Geitagerði. Í sóknarlýsingu er einnig getið um að Nýibær sé nýbýli í heimatúni Hóla. (Sóknarlýsing bls. 127.) Í bókinni Heim til Hóla, bls. 236 segir höfundur að eigi viti menn með vissu hvar Nýibær hafi verið, en líklegast hafi það verið í Geitagerði því þar hafi verið og séu talsverð tún.<br>(Heim til Hóla, bls. 236) |
| **Heimild:** | Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, níunda bindi, bls.219, 1930)<br>Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla 1954.<br>**S**kagfirzk fræði IV.-V. Heim að Hólum, bls. 236, Brynleifur Tobíasson. 1943.<br>Landmælingar ríkisins. loftmynd 1:4000 frá 1994 |

**84**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Túngarður/gerði |
| **Hlutverk:** | Túngarður |
| **Landareign:** | Hólar/Kollugerði |
| **Lega:** | **N:** 65°44281 **V:** 19°07640 |
| **Staðhættir:** | Um 120 m í norð-vestur frá Grunnskóla Hóla, fyrir innan stíflugarða sem byggðir voru vegna rafmagnsveitu. |
| **Lýsing:** | Garðurinn er um 140m langur og 1.5-2m á breidd hleðsluhæð um 0.5, Grasi gróinn og liggur í vinkil, austur-vestur og norður-suður. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Kollugerði er fjárhússtæði sem stólinn brúkar, og þó að girðing sé umhverfis, þá er ekki vitað að hér hafi verið bær, og líkast því að um fjárhúsin hafi verið sú girðing gjörð til túnræktunar við fjárhúsin. (Jarðabók 1709, Hólahreppur bls. 219) Heim að Hólum BT: 1943, bls. 228-9)<br>Í sóknarlýsingu Hólahrepps frá (bls.127) frá 1843, er getið um að við Hóla sé Kollugerði og þar sé gerði.<br>Gerðið takmarkast af girðingu á þrjá vegu neðan utan og austanvert, en sunnan við það eru móar og síðan mýri, suður að háum melhól fyrir ofan þjóðveginn, með fram yzta hluta túnsins.( Heim að Hólum bls. 236)<br>Jarðrask sem leiddi af rafvirkjun hefur valdið nokkru um það að Kollugerði er nú ekki með sömu ummerkjum og áður var.<br>(Hólastaður bls. 13) |

| | |
|---|---|
| | Á þessu svæði var uppistöðulón vegna rafstöðvar, sem var byggð 1951, en garðurinn sem er sjáanlegur, hefur ekki farið undir vatn. |
| **Hættumat:** | Helst hætta ef jarðrask verður. |
| **Heimild:** | Skagfirzk fræði IV.-V.: Heim að Hólum Brynleifur Tobíasson 1943, bls. 228-9, 236. Hólastaður 1957, Gunnlaugur Björnsson, bls. 13. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla, bls. 127 1954. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, níunda bindi 1930, bls. 219. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994 Viðtal við Trausta Pálsson ráðsmann Hólum , í júli 1999. |

**85**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Leið/vegur |
| **Hlutverk:** | Leið |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Vagnbrekka |
| **Lega:** | 65°43860 19°06859 |
| **Staðhættir:** | Í túni fyrir neðan fiskeldistöð Hóla. Vagnbrekka liggur við rotþró sem byggð hefur verið í brekkunni |
| **Lýsing:** | Brekkan grasi gróinn nokkuð brött og er í austur-vestur. |
| **Hættumat:** | Hætta gæti verið ef að jarðrask yrð á svæðinu. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Sunnar og neðan við Brúsa (Brúsi er hóll sem er ofan vegar við heimavistarbústað nr. 10 við Brúsabyggð) á túninu er löng og brött brekka sem liggur í austur –vestur og heitir í. Vagnbrekka. Neðst í brekku þessari endilangri út og suður liggur slétt rönd á að giska 2-3 metrar á breidd. Það er sagt að þetta sé akbraut sem grjótinu í Hólakirkju hafi verið ekið eftir sunnan úr Hólabyrðu og heim að kirkjunni. Þetta er mjög sennilegt, því brautin stefnir beint á kirkjuna. Heim að Hólum bls. 235, Örnefnastofnun. Skagafjarðarsýsla Hólahreppur, Margeir Jónsson. Hólastaður bls. 13) |
| **Heimild:** | Skagfirzk fræði I V.-V. Heim til Hóla 1943, bls. 235, Örnefnastofnun. Skagafjarðarsýsla Hólahreppur, Margeir Jónsson. Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson 1957, bls. 13) |



Mynd 31. Varða í suður frá við Smalabyrgi, horft í norð-norð-vestur. Ljósm. K.G. 2000.

**86**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Varða |
| **Hlutverk:** | Varða |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Lega:** | N: 65°44508 V: 19°06113 |
| **Staðhættir:** | Frá brúnni á Viðinesá um 200 m í suður eftir þjóðveginum að vegaslóða sem liggur í austur í átt að Hólabyrðu eftir þeim slóða upp að girðingu sem liggur norður suður, frá þeirri girðingu 150 m í vestur, og síðan 170 m norð-norð-austur. |
| **Lýsing:** | Varðan er hlaðin úr grjóti um 2.5x1m að stærð, hleðsluhæð um 0.8m |
| **Hættumat:** | Hætta gæti stafað af áfoki. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Smalabyrgi í um 20m fjarlægð í norður. |
| **Heimild:** | Leiðsögn Trausti Pálsson ráðsmaður Hólum í febrúar 2000. |

**87**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Virkishóll/náttúruminjar |
| **Hlutverk:** | Vígi |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Sérheiti:** | Virkislág/Virkishóll |
| **Lega:** | **N:** 65°44026 **V:** 19°06821 |
| **Staðhættir:** | Hólastaður 1957, kort Hólar í Hjaltadal, er Virkishóll, (Virkislág) nr. 38 á korti frá 1912. Sést einnig á korti Sigurjóns Benjamínssonar frá 1905. Virkislægð er suð-vestan megin í Virkishól í um 20 metra fjarlægð í austur frá veginum sem liggur austan við kirkjuturninn, og í um 35 metra í norður frá aðalbyggingu Hólaskóla . |
| **Lýsing:** | Sléttur grasi gróinn hóll, Lægð er í slotið norðan til frá austri til vesturs, um 20 m langt, og um 3 metrar á breidd í botni lægðarinnar, og er í stefnu á kirkjuna, þar sem kemur saman kór og framkirkja. |

**Aðrar upplýsingar:** Slotið, sem nú er oftast nefnt Virkishóll, er sléttur grasi gróinn hóll eða hólhryggur ofan vegar norð-austan við kirkjuna. Á hólnum var varnarvirki það er Jón Arason lét gera þegar hann átti í sem mestum deilum við danska konungsvaldið. Nefndi hann virkið Hólaslot, og var hæðin nefnd Slot í daglegu tali fram yfir síðustu aldamót. Virkislág er lægð í Slotinu suð-austan til, um 20 metrar að lengd og liggur í austur-vestur. Lægðin er um 3 metrar á breidd í botninum. Hún stefnir á kirkjuna, þar sem kemur saman kór og framkirkja. Lægðin er talin vera leifar af virkisgröf þeirri er Jón biskup lét gera.

**Hættumat:** Virkislág er friðlýst.

**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 38 á korti af Hólum í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3, og bls 13-14 Kort Sigurjóns Benjamínssonar , Hólar í Hjaltadal frá 1905 .HSk, fylgiskjal 5. Hólastaður (1957) . Skagfirzk fræði IV.-V. Brynleifur Tobíasson (1943) bls. 237.



Mynd 32. Öskuhóll hefur verið til vinstri við trjálundinn, einnig hefur verið þarna nr. 17, 18, 29, 26, 27, og 28 samkvæmt korti Hólar í Hjaltadal, sjá fylgiskjal 3. Ljósm. K.G. 1999

**88**
**Tegund minja:** Öskuhóll/horfið
**Hlutverk:** Öskuhóll
**Landareign:** Hólar
**Sérheiti:** Hjallstólpi
**Lega:** **N:** 65°43991 **V:** 19°06970
**Staðhættir:** Hólastaður 1957, á korti Hólar í Hjaltadal, nr. 34 er Hjallastólpi, öskuhóll. Um 10 metra í vestur frá vegi að Hólum, við suð-vestur hlið trjálundar um fyrsta skólastjóra Hólaskóla.
**Lýsing:** Ekkert sést af Hjallastólpa vegna túnasléttunar.
**Aðrar upplýsingar:** Hjallastólpi er gamall öskuhóll sem var nýttur til áburðar í flög á árunum 1940-1950. Hafði þar áður staðið þurrkhjallur staðarins. (Heim að Hólum bls. 238. Viðtal við Hjalta Pálsson 18/2 1999.
**Heimild:** Hólastaður Gunnlaugur Björnsson 1957, nr. 34 á korti Hólar í Hjaltadal kort frá 1913 afrit 1957, fylgiskjal 3. Skagfirzk fræði IV.-V. Heim að Hólum, bls. 238, Brynleifur Tobíasson. 1943.

**89**
**Tegund minja:** Öskuhaugur/horfið
**Hlutverk:** Öskuhaugur
**Landareign:** Hólar
**Lega:** N: 65°44008 V: 19°06927
**Staðhættir:** Við norð-vestur horn á kirkjugarðveggnum.
**Lýsing:** Ekkert sést af öskuhaugnum vegna sléttunar
**Aðrar upplýsingar:** Þegar að kirkjugarðsveggurinn var hlaðinn upp 1974, var komið niður á öskuhaug, sem hefur verið fyrir aftan bæinn sem þarna stóð (sjá nr13 bæjarrúst 1880, fylgiskjal 3) Það sem kom úr haugnum var tekið til varðveislu af Þór Magnússyni þáverandi þjóðminjaverði. Að

| | |
|---|---|
| | sögn Jóns Friðbjörnssonar var þar m.a. skinnpjötlur, brot úr leirtaui, og dýrabein. |
| **Heimild:** | Viðtal í mars 2000, við Jón Friðbjörnsson (f. 1925) smíðakennara á Hólum 1952-1987, sem sá það sem úr haugum kom. |



Mynd 33. Rétt í Hólahaga, horft í vestur að Hjaltadalsá. Ljósm. Hjalti Pálsson 1997.

**90**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Rétt/hleðsla |
| **Hlutverk:** | Rétt |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Staðhættir:** | Í Hólahaga, sem er í suður frá Hólum upp með Hjaltadalsánni, sjá fylgiskjal 6. |
| **Lýsing:** | Réttin er hlaðin úr grjóti, aðeins nyrsta og austasta hólfið er torfhleðsla. Réttin er 30x25 m, hleðsluhæð um 0.8 m, veggjaþykkt um 1 m. Réttin skiptist í 7 hólf, og eitt hólf sem er opið í norður, í miðjunni er almenningur og eru op í hann úr hólfinu. Inngangur er í réttina að vestan. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Hólfin í réttinni eru merkt bæjunum sem að þau áttu. |
| **Heimild:** | Viðtal við Hjalta Pálsson HSk., í jan 2000, hann gerði vettvangsathugun í júlí 1997. |




Mynd 34. Réttin í Hólahaga, flatarteiking. Hólfin í réttinni eru merkt eigendum. Teikn. K.G. 1999.




Mynd 35. Flatarteikning, fjárhús. Teikn. K.G. 1999

**91**

| | |
|---|---|
| **Tegund minja:** | Fjárhús/tóftir |
| **Hlutverk:** | Fjárhús |
| **Landareign:** | Hólar |
| **Staðhættir:** | Í Hólahaga sem er í suður frá Hólum upp með Hjaltadalsánni, sjá fylgiskjal 6. |
| **Lýsing:** | Tóftirnar eru tvær, og er þriggja metra bil á milli þeirra. Tóft 1:1 liggur í suður-norður og er 25x6 m, veggjaþykkt 1 m, hleðsluhæð um 0.4 m Tóftin er eitt hólf, inngangur er á vesturhlið, langhliðinni. |

Tóft 1:2. Tóftin liggur austur-vestur, og er 24x6 m, veggjaþykkt 1m, hleðsluhæð 0.4 m. Tóftin skiptist í tvö hólf og, ekki sést op á milli hólfanna, inngangur er á vesturhlið fyrir endanum, og frá þeirri hlið eru 3 m yfir í tóft 1.1.

**Heimild:** Viðtal við Hjalta Pálsson HSk., í janúar 2000, hann gerði vettvangsathugun í júli 1996.

## Fornleifaskrá

1 Altari/Bænastaður/sögustaður
2 Altari/bænastaður
3 Auðunnarstofa/horfið, frá nyrðri hluta kirkjugarðsveggjar um 5m í vestur.
4 Brunnur, Gvendarbrunnur.
5 Bústaður/hús, Nýibær.
6 Bústaður/horfið við norð-vesturhorn á kirkjugarðsvegg.
7 Bústaður/horfið, Bústaður skólakennara
8 Bústaður/horfið, Traðarhóll
9 Bæjarstæði/ Tóft, Nýibær/Geitagerði 1:1
10 Fiskasteinn/náttúruminjar
11 Fjárhús/horfið, við Biskupsbústað.
12 Fjárhús/horfið, norðan kirkju
13 Fjárhús/horfið norðan kirkju
14 Fjárhús/horfið, við Brúsabyggð 10
15 Fjárhús/Eldspýtnaborgin
16 Fjárhús/tóft, í túni neðan við Bleikjurannsóknarhús
17 Fjárhús/tóft, í túni neðan við Bleikjurannsóknarhús
18 Fjárhús/tóft, Geitagerði 1:2
19 Fjárhús/horfið, Kollugerði
20 Fjárhús, tóft, Kollugerði**.**
21 Fjárhús/tóftarbrot, Krókhólum.
22 Fjárhús/tóft, Krókhólum
23 Fjárhús/horfið, við Nátthaga 10.
24 Fjárhús/horfið, sunnan við skólastjórabústað.
25 Fjárhús/rétt/tóft, 110m í austur, frá syðstu hesthúsum Hóla.
26 Fjós/horfið, við norð-vesturhorn á kirkjugarðsvegg.
27 Fjós/horfið, við vegbrún austan vegar að Hólum
28 Fjós/hlaða/horfið. Frá n-vestur horni á kirkjugarðsvegg, neðan vegar að Hólum.
29 Gata/vegur/leið /gata, neðan vegar við Bleikjurannsóknarhús
30 Geymsla /horfið, við biskupsbústað
31 Girðing/garðlag /horfið
32 Garðlag/Girðing, frá vegi að tjaldstæði.
33 Geitakofi /hleðsla, fyrir ofan Prestsæti, í austur.
34 Gönguleið, Gönguleið Guðmundar góða.
35 Heimreið/gata
36 Hestarétt/horfið
37 Hesthús/hlaða/skemma /horfið, við nyrsta kennarabústað.
38 Hesthús/horfið, frá krikjugarðsvegg í vestur í túni neðan vegar.
39 Hesthús/horfið, Ottakofi.
40 Hesthús/horfið, við efsta og nyrsta kennarabústað.
41 Jarðhús/íshús.
42 Jarðgöng/vitneskja, við kirkjugarðsvegg.
43 Kamar/horfið, í norður frá Sundlaug
44 Kamar/horfið við raðhúsalengju
45 Kálgarður/horfið, í suð-austur frá biskupsbústað
46 Kálgarður/horfið
47 Kálgarður/horfið.
48 Kálgarður/horfið, suð-vestan í Prestsæti
49 Kirkja/horfið, fyrir framan núverandi kirkju
50 Kirkja

51 Kirkjugarður
52 Koppagötur/Gönguleið/Gata
53 Leikfimihús.
54 Mylla/horfið, frá göngubrú yfir læk að Tjaldstæði
55 Mylla/horfið, í austur frá Prestsæti
56 Prenthús/horfið suð-vestan við trjálund um fyrsta skólastjóra Hóla
57 Prenthús/horfið vestan við trjálund um fyrsta Skólastjóra Hóla.
58 Prestsæti/horfið. Útsýnisstaður/hvíldarstaður
59 Rafstöð/bygging, neðan vegar frá Bleikjurannsóknarhúsi.
60 Rafstöð/Kollugerði
61 Rétt/Tóft í norður frá Prestsæti.
62 Sáðgarður, neðan vegar frá Kirkjugarðsvegg
63 Sáðgarður, neðan vegar frá Kirkjugarðsvegg
64 Sálnahlið, frá miðjum kirkjugarðsvegg í norður.
65 Skemma/horfið, við biskupsbústað
66 Skemma/horfið, norðan við trjálund fyrsta skólastjóra Hóla.
67 Skothús/horfið, frá kirkjunni í átt að Virkishól
68 Skóli/horfið, Latínuskóli
69 Skóli/hús, Hólaskóli
70 Skóli/horfið, þar sem er áhaldahús í dag.
71 Skóli/horfið. Skóli Jóns Ögmundssonar
72 Skrúðgarður, á hlaðinu á Hólum
73 Smalabyrgi/byrgi
74 Smiðja/hjallur/horfið, neðan við gamla bæinn, Nýja bæ.
75 Smiðja/horfið, frá miðjum neðri hluta kirkjugarðsvegg í vestur í vegkantinum.
76 Stekkur /hleðsla, upp af hesthúsum suður af Hólum.
77 Sundpollur/horfið, um 90m í austur frá Fiskasteini.
78 Sundpollur Viðineseyrum
79 Tilraunastöð/horfið, upp af biskupshúsi um 50 m í austur í jaðri skógræktarsvæðis
80 Traðir/horfið, nr. 48 á korti Hólum í Hjaltadal frá 1913 afrit 1957, fylgisk. 3.
81 Tún/nýrækt, túnið við Gvendarbrunn
82 Túngarður/garðlag. Um 110m í austur fyrir ofan syðsta hesthús/áður fjárhús Hóla.
83 Túngarður/gerði, Geitagerði
84 Túngarður/gerði, Kollugerði
85 Vagnbrekka, Leið, vegur,
86 Varða, upp með Víðinesánni í vestur við skógræktargirðingu
87 Virkishóll/náttúruminjar
88 Öskuhóll/horfið, Hjallastólpi.
89 Öskuhaugur, við kirkjuvegg.
90 Rétt, Hólahaga
91 Tóftir Hólahaga




## Staðsetning skráningarsvæðisins

**Fylgiskjal 1**




**Yfirlitskort yfir staðsetningu fornleifa**




Fylgiskjal 3


Hólar.
í Hjaltadal.
Túnakort 1919
Fylgiskjal 4




Fylgiskjal 5




**Mælipunktar utan aðalkorts.**

## Fylgiskjal 6